

Efnisyfirlit

Formáli	VII
Inngangur	IX
1. Lýsing á orðanotkun, hlutverk orðabókarinnar	IX
2. Tilurð orðabókarinnar og efniviður	X
3. Heildarskipan orðabókarinnar	X
4. Flettur og meginskipan í orðabókarlýsingunni	XI
4.1 Orðaflettur	XI
4.2 Hugtakaflettur	XII
5. Innskipan	XIII
5.1 Innskipan í lýsingu orða	XIII
5.2 Innskipan í lýsingu hugtaka	XVIII
6. Tegundir og staða orðasambanda	XIX
7. Framsetning og efnispættir	XXI
7.1 Breytiliðir og fulltrúar	XXI
7.2 Frumlagsbundin og frumlagslaus sambönd	XXII
7.3 Valfrjálsir liðir og tilbrigði	XXII
7.4 Tákn og skammstafanir	XXIII
7.5 Efnispættir í lýsingu nafnorða	XXIII
7.6 Efnispættir í lýsingu lýsingarorða	XXIV
7.7 Efnispættir í lýsingu sagna	XXVI
8. Orða- og orðasambandaskrá	XXV
8.1 Flettiorð og flettimyndir	XXVI
8.2 Röðun orðasambanda undir flettimyndum	XXVII
8.3 Hlutverk og gildi orða- og orðasambandaskrárinnar	XXVII
9. Dönsk, ensk og þýsk hugtakaheitaskrá	XXVIII
10. Rafræn orðabók á geisladiski	XXVIII
10.1 Leit að flettu	XXVIII
10.2 Leit að orðasamböndum	XXIX
10.3 Leit að samsetningum	XXX
10.4 Leit að erlendum hugtakaheitum	XXX
Orðabókarlýsing a–ö	1
Orða- og orðasambandaskrá	843
Íslensk hugtakaheiti	1549
Dönsk hugtakaheiti	1552
Ensk hugtakaheiti	1556
Þýsk hugtakaheiti	1559



Formáli

Sú orðabók sem hér birtist á að baki allanga og nokkuð óvenjulega mótunarsögu. Hún á sér undanfara í tveimur orðabókum sem ég samdi á árabílinu 1989–2002 og báðar hafa íslenska málnotkun að viðfangsefni. Hin fyrri er *Orðastaður*, sem fyrst kom út árið 1994 og síðan í nýrri og endurskoðaðri útgáfu árið 2001. Hin síðari er hugtakaorðabókin *Orðaheimur* sem út kom árið 2002. Þessar tvær orðabækur eru í veigamiklum atriðum samstæðar að efni og framsetningu þótt efnisskipanin sé ólík og gert sé ráð fyrir ólíkum notkunarforsendum. Hugmyndin um orðabók af því tagi sem síðar birtist í *Orðaheimi* kviknaði og mótaðist að nokkru leyti á meðan *Orðastaður* var í smíðum. Þótt hvor bókin um sig væri hugsuð sem sjálfstætt verk var jafnframt ljóst að víða gat lýsing annarrar stutt við efni hinnar notendum til glöggvunar og skilningsauka.

Eftir að orðabækurnar komu út hefur orðið enn skýrara en áður hvernig notagildi þeirra hvorrar um sig styrkist við það að notendur kunni nokkur skil á hlutverki þeirra beggja.

Því var eðlilegt að hugsa sér að öll frekari vinna við það efni sem orðabækurnar taka til fæli í sér viðtæka samþættingu og samræmda greiningu á öllu orðabókarefninu. Þar lá sérstaklega fyrir að gera efni *Orðastadar* viðeigandi skil og fella greiningu þess að því fyrirkomulagi sem mótast hafði við úrvinnslu á efni *Orðaheims*.

Þegar hafist var handa við þetta verk voru engin bein áform uppi um nýja útgáfu en eftir því sem verkinu miðaði áfram varð smám saman greinilegra hvernig allt orðabókarefnið gat myndað samstæða heild og um leið orðið undirstaða og efniviður nýrrar og sjálfstæðrar orðabókar sem spannaði allt svið orðabókanna tveggja.

Þessar hugleiðingar hefðu þó seint orðið að veruleika ef útgefandi minn Jóhann Páll Valdimarsson hefði ekki vakið máls á því við mig að það orðabókarefni sem sameinað er í *Orðastað* og *Orðaheimi* myndi rata enn betur til notenda ef því væri komið á framfæri í einu orðabókarverki. Með hvatningu hans að leiðarljósi réðst ég fyrir alvöru í það viðurhlutamikla verk að semja heildstæða orðabók um íslenska málnotkun sem að stofni til skyldi byggð á efni fyrri bóka en að hluta til einnig á nýju efni. Aðalmarkmiðið frá upphafi var í því fólgið að veita notendum enn

fjölbreytilegri og greiðari aðgang að orðabókarefninu en áður höfðu verið tók á, m.a. með því að skila því jöfnum höndum í prentuðu og rafrænu formi.

Vinnan við þessa orðabók hefur verið viðfangsefni mitt að meira eða minna leyti undanfarin þrjú ár. En það er fjarri því að þar hafi ég einn átt hlut að máli. Undirstaða verksins var lögð með gerð gagnagrunns sem tekur til alls orðabókarefnisins og hefur tryggt nauðsynlegar aðgerðir við greiningu efnisins, flokkun þess og röðun. Gagnagrunnurinn er verk þeirra Þórdísar Úlfarsdóttur og Ragnars Hafstað og verður framlag þeirra í því efni seint fullþakkað. Þórdís hefur liðsinnt mér á margvíslegan hátt annan á öllum stigum verksins, ekki síst í öllu því er lýtur að meðferð gagna og tölvuvinnslu. Gerð rafrænnar útgáfu á geisladiski var í höndum Ragnars Hafstað og leysti hann það vandasama verk af hendi af mikilli hugvitssemi.

Eins og gefur að skilja hefur hinn endanlegi texti orðabókarinnar krafist mikils og nákvæms yfirlesturs, samræmingar og lagfæringa, sérstaklega með tilliti til samræmis á milli megintextans og orða- og orðasambandaskrárinnar. Þetta mikla og tímafreka verk unnu þær Helga Jónsdóttir og Þórgunnur Skúladóttir af mikilli alúð og glöggskyggni.

Til að greiða erlendum notendum leið að orðabókarlýsingunni var ákveðið að orðabókin hefði að geyma skrár með jafnheitum íslensku hugtakaheittanna á þremur tungumálum, ensku, dönsku og þýsku. Eins og þegar fengist var við ensku hugtakaheittin á sínum tíma leitaði ég í smíðju til kunnáttumanna við val á dönsku og þýsku heitunum. Halldóra Jónsdóttir og Reynir Þór Eggertsson höfðu veg og vanda af vali dönsku heittanna. Sjálfur samdi ég drög að þýsku hugtakaheittaskránni, að nokkru með hliðsjón af þýðingum Erlu Hallsteinsdóttur á hugtakaheittunum í *Orðaheimi* sem hún lét mér góðfúslega í té. Magnús Sigurðsson fór síðan rækilega yfir alla skrána og færði fjölmargt til betri vegar. Reynir Þór Eggertsson fór yfir ensku hugtakaheittin og benti á fáein atriði sem betur máttu fara en annars standa ensku heittin sem valin voru í *Orðaheimi* flest óbreytt. Það skal tekið skýrt fram að þýðanda er víða mikill vandi á höndum þegar fengist er við íslensku hugtakaheittin. Þann vanda hefur höfundur orðabókarinnar skapað og hann hlýtur um leið að bera ábyrgð á þeim misfellum sem af þeim vanda geta hlotist. Öllum þeim sem komið hafa að

vali erlendu hugtakaheitanna kann ég bestu þakkir fyrir vandað verk og ánægjulegt samstarf.

Samstarfsmönnum mínum á Orðabók Háskólans þakka ég margvíslegt liðsinni og hvatningu fyrr og síðar sem ég hef notið góðs af við gerð þessarar orðabókar. Forstöðumanni Orðabókarinnar, Guðrúnu Kvaran, þakka ég góðan stuðning.

Ég hef áður minnst á þann þátt sem Jóhann Páll Valdimarsson á í því að ráðist var í gerð þessarar bókar. JPV útgáfa hefur fylgt frumkvæði hans eftir af stórhug og metnaði sem ég þakka fyrir af heilum hug. Prentsmiðjunni Odda þakka ég gott samstarf og vandaða vinnu við umbrot orðabókartextans.

Með útgáfu þessarar orðabókar hef ég leitast við

að fá því orðabókarefni sem hér er fengist við og á sínum tíma birtist í tveimur aðgreindum orðabókum viðeigandi búning, þar sem sveigjanleg efnisskipan og breytilegt birtingarform er í fyrirrúmi. Verkefnið hefur sannarlega ekki verið auðvelt og það hefði seint náð á leiðarenda ef ég hefði ekki notið ómetanlegrar aðstoðar þess góða fólks sem komið hefur að því með mér á ýmsum stigum. Sterkasta bakhjarl hef ég þó átt í fjölskyldu minni sem staðið hefur vaktina með mér og sýnt mér ómælt umburðarlyndi allan tímann.

Seltjarnarnesi í vetrarbyrjun 2005
Jón Hilmar Jónsson

Inngangur

1. Lýsing á orðanotkun, hlutverk orðabókarinnar

Meðal helstu hlutverka orðabóka er að gera grein fyrir notkun orða í margvíslegu samhengi og vera þannig notendum til leiðsagnar um orðaval í ræðu og riti. Orðabókarlýsing sem þjónar þessu hlutverki veitir jafnframt innsýn í orðaforða málsins og innra samhengi hans og getur á þann hátt frætt lesendur sína um orðanotkun og orðalag óháð beinum vanda eða tilteknu athugunarefni. Í almennum orðabókum er þetta hlutverk aðeins eitt af mörgum sem við er að fást og getur af þeim sökum ekki fengið verulegt rúm í orðabókarlýsingunni. Sú takmörkun skýrist reyndar oft ekki síður af því að efnisskipanin setur lýsingunni fastar skorður svo að notendur eiga þess ekki kost að virða fyrir sér notkun orða frá ólíkum sjónarhornum eftir því í hvaða samhengi þeir vilja sjá orðin birtast.

Lýsing á orðanotkun hefur eðli málsins samkvæmt einnig verið viðfangsefni sérhæfðra orðabóka. Hlutverk og efnisafmörkun slíkra orðabóka er með ýmsum hætti, í sumum eru orðtök og önnur föst orðasambönd í fyrirrúmi, í öðrum tilvikum er fremur fengist við lausari sambönd eins og orðastæður, í enn öðrum er notkun orðanna einkum skoðuð í ljósi málfræðilegra einkenna o.s.frv. Orðabækur sem ætla sér það hlutverk að gera öllum helstu þáttum orðanotkunar jafngóð skil hafa hins vegar löngum þurft að glíma við þann vanda sem hlýst af fastri og ósveigjanlegri efnisskipan prentaðra orðabóka.

Í orðabókum eru notkunareinkenni orðanna einkum látin endurspeglast í orðasamböndum af ýmsu tagi sem birtast notendum sem efnisþáttur í lýsingu einstakra flettiorða bókarinnar. Ef hugsað er til orðasambanda sem sjálfstæðra eininga sem notendur vilja ganga beint að í orðabókartextanum er erfitt að álykta um hvar þeim muni vera fyrir komið, bæði gagnvart flettiorðaskipan orðabókarinnar og innan þeirrar efnisskipanar sem höfð er á lýsingu viðkomandi flettiorðs. Að sama skapi er torvelt að fá yfirsýn um stöðu og fyrirferð einstakra orða í orðasamböndum þar sem samböndin dreifast á mörg flettiorð og eru þar misjafnlega vel sýnileg.

Svo að orðasambönd geti verið aðgengileg og birst notendum sem sjálfstæðar einingar, auk þess að vera

efnisþættir í lýsingu orða sem þau eru mynduð úr, þarf orðabókin að búa yfir breytilegri efnisskipan þar sem tekið er tillit til ólíkra aðgönguleiða eftir því hvernig tegundar orðasambandið er og hvað það er sem orðabókarnotandinn hefur hug á að kynna sér. Þá er mikilvægt að aðgangur að orðasambandi sé fyrir hendi við öll þau orð sambandsins sem notandinn hefur ástæðu til að velja sem flettiorð (t.d. jafnt nafnorð sem sagnir) og hann geti þá einnig virt orðasambandið fyrir sér í mismunandi samhengi við önnur orðasambönd.

Innbyrðis samhengi orðasambanda getur verið áhugavert á ólíkan hátt. Í samhengi við einstök flettiorð sem fá sjálfstæða lýsingu beinist athyglin ekki síst að því að fá yfirsýn um algeng og dæmigerð fylgdarorð, t.d. lýsingarorð sem gjarna standa með tilteknu nafnorði eða atviksorð sem einkenna notkun sagnar. Hið merkingarlega samhengi er áhugaverðara þegar hugsað er til breytileika í orðalagi um tiltekið efni eða hugtak. Þá dugir ekki að líta til einstakra flettiorða heldur verður að búa svo um hnútana að merkingarskyld orðasambönd tengist saman, óháð formi. Aðgangur notenda að slíkum merkingartengslum verður þó ekki virkur nema nálgast megi hvaða orðasamband sem er út frá formlegum eigindum og rekja þaðan slóðina að merkingarlegum samstæðum. Forsendan fyrir því er heildstæð orðasambandaskrá sem hefur sjálfstæða stöðu gagnvart flettiorðaskipan orðabókarinnar.

Hlutverk þessarar orðabókar er að gera grein fyrir íslenskri málnotkun á þann fjölbreytta og sveigjanlega hátt sem viðfangsefnið krefst í ljósi þess sem hér hefur verið rakið. Auk orðasambanda skipa samsetningar verulegt rúm í orðabókartextanum, þar sem þær eru tengdar einstökum flettiorðum og flokkaðar eftir hlutverki sínu og merkingu.

Efni orðabókarinnar birtist annars vegar sem orðabókarlýsing í prentaðri mynd, hins vegar sem rafræn útgáfa á geisladiski. Efnisskipan og framsetning er hliðstæð en eðli málsins samkvæmt veitir tölvuaðgangur að efninu ákveðna leitarkosti sem ekki eru fyrir hendi í prentaðri orðabók. Á hinn bóginn er rétt að benda á að hin prentaða gerð er að ýmsu leyti aðgengilegri og handhægari, t.d. að því er varðar fljótlega yfirsýn um samhangandi efni.

2. Tilurð orðabókarinnar og efniviður

Orðabókin er að stofni til byggð á efni tveggja orðabóka sem höfundur hefur áður samið. Sú fyrri er *Orðastaður* sem fyrst kom út árið 1994 og í nýrri útgáfu árið 2001, hin er *Orðaheimur* sem út kom árið 2002. Þessar tvær orðabækur mynda í veigamiklum atriðum samstæða heild þótt hlutverkin séu ólík og efnisskipan bóka mótist af því. Í *Orðastað* beinist lýsingin að notkun og stöðu einstakra flettiorða í orðasamböndum og samsetningum, með áherslu á að notandinn nálgist lýsinguna um það orð eða orðlið sem er kjarni sambandsins. Mörg þeirra orða sem gegna hlutverki ákvæðis í sambandinu eru hins vegar ekki flettiorð í bókinni. Í *Orðaheimi* er efnisskipanin allt önnur. Flettiorðin eru hugtakaheiti sem sameina merkingarlega samstætt orðafar en sérstök orða- og orðasambandaskrá veitir beinan aðgang að einstökum orðasamböndum, með vísun til viðeigandi hugtaks eða hugtaka þar sem orðasambandið er að finna.

Skyldleiki þessara tveggja orðabóka birtist ekki síst í því að orðasamböndin eru sett fram á hliðstæðan hátt, t.d. að því er varðar breytilega og valfrjálsa liði og aðgreiningu persónubundinna og ópersónubundinna sambanda. Að því er hlutverkið varðar má segja að þær hafi bætt hvor aðra upp og athugunarefni sem varðar efni annarrar bókarinnar hefur gjarna reynst kalla á eða gefa tilefni til frekari athunar í hinni. Sú hugmynd var því áleitin og nærtæk að móta nýtt orðabókarverk á grundvelli þessara tveggja orðabóka sem skilaði hlutverkum þeirra beggja en fengi jafnframt aukið hlutverk með samræmdri efnisskipan, efnislegum viðbótum og greiningarþáttum sem opnuðu nýjar leiðir til flokkunar og leitar í orðabókarefninu. Þá var sjálfsagt að hugsa sér ekki aðeins prentaða orðabók heldur að notendur hefðu einnig aðgang að rafrænni útgáfu með nýjum notkunarmöguleikum enda var meginforsenda allra þessara áforma sú að efninu yrði komið fyrir í sameiginlegum gagnagrunni þar sem öll orðabókarvinnslan færi fram.

Efnisskipan hinnar nýju orðabókar mótaðist fyrst og fremst af því markmiði að greint yrði á milli fletti-orðaskrár annars vegar og orða- og orðasambandaskrár hins vegar og að orð og hugtakaheiti yrðu sameinuð í einni stafrófsraðaðri flettiorðaskrá. Þetta fól í sér að tilgreina þurfti lykilorð við öll orðasambönd sem upphaflega voru í *Orðastað* svo að þeim yrði komið fyrir í orða- og orðasambandaskránni. Auk þess var nauðsynlegt að samræma framsetningu orðasambandanna enn betur en áður svo að orða- og orðasambandaskráin myndaði skýra og samfellda heild.

Samhliða lykilorðagreiningu á orðasamböndunum var farið rækilega yfir lýsingu flettiorðanna í *Orðastað* og aukið við nýjum orðasamböndum og notkunardæmum. Þar var einkum höfð hliðsjón af hinni stóru og efnismiklu orðasambandaskrá Orðabókar Háskól-

ans sem safnað hefur verið til á undanförunum árum og rafrænu textasafni Orðabókarinnar sem geymir samfellda texta úr margs konar rituðum heimildum sem flokka má eftir efni og tímaskeiðum.

Í *Orðastað* er orðmyndunar lýsing flettiorðanna sett fram á þann hátt að viðeigandi orðhlutar fletti-orðsins mynda fyrirsagnir sem tengja saman fyrri eða síðari liði sem orðið myndar samsetningar með. Þessi framsetning hefur nú verið endurbætt á þann hátt að samsetningarnar eru tilgreindar sem heil orð.

Í *Orðaheimi* er þriðja aðgangssleiðin að orðabókarlýsingunni fólgin í stafrófsraðaðri skrá með enskum samsvörunum (jafnheitum) íslensku hugtakaheitananna. Hér er haft í huga að erlendir notendur geti að einhverju marki nálgast efnið með því að feta slóðina frá hugtökum og hugtakaheitum í tungumáli sem þeir þekkja betur en íslensku. Í hinni nýju orðabók er gengið enn lengra til móts við þennan notendahóp með því að bæta við samsvarandi danskri og þýskri hugtakaheitaskrá, auk þess sem enska skráin hefur verið aukin og lagfærð.

3. Heildarskipan orðabókarinnar

Orðabókin skiptist í þrjá meginhluta. Fremst fer orðabókarlýsing (orða- og hugtakalýsing) þar sem orð og hugtakaheiti mynda samfellda stafrófsraðaða fletti-orðaskrá sem orðasamböndum og samsetningum er skipað undir. Aftast í lýsingu hvers hugtaks eru millivísanir til skyldra hugtakaheita. Sambærilegar millivísanir til samstofna orða er einnig að finna í lýsingu margra orðaflettna. Annar meginhluti orðabókarinnar er orða- og orðasambandaskrá, heildarskrá um öll orðasambönd þar sem meginorð sambandanna gegna hlutverki flettiorða sem skipað er í stafrófsröð.

Þessir tveir meginhlutar bókarinnar gegna hvor sínu hlutverki sem þó eru samslungin. Í orðaflettum ganga notendur að dæmigerðum notkunarsamböndum flettiorðanna, þar sem innbyrðis röð sambandanna ræðst af einkennum orðsins. Í orða- og orðasambandaskránni bætast við orðasambönd með orðinu sem skipað er undir aðrar flettur, og þar ræður formlegt (setningarlegt) samhengi orðsins innbyrðis röðun orðasambandanna. Þeir notendur sem nálgast orðabókarlýsinguna með tiltekið orðasamband í huga geta fyrst aðgætt hvort það er að finna í orða- og orðasambandaskránni og eftir atvikum látið hana vísa sér veginn til viðeigandi flettu eða virt orðasambandið fyrir sér í samhengi við nálæg orðasambönd undir því leitarorði sem valið var í upphafi. Orða- og orðasambandaskráin gegnir enn mikilvægara hlutverki gagnvart hugtakalýsingu orðabókarinnar, þar sem hugtakaheitin eru eðli málsins samkvæmt óskýrari í huga notenda en eiginleg orð.

Í þriðja meginhluta orðabókarinnar eru jafnheita-skrár á þremur erlendum málum, stafrófsraðaðar skrár með enskum, dönskum og þýskum samsvörunum íslensku hugtakaheitananna. Með þessum skrá

er erlendum notendum gefið færi á að opna leið að hugtakalýsingunni með því að geta sér til um samsvörun við annað (og nærtækara) tungumál. Á þennan hátt tekur orðabókin á sig mynd margmála orðabókar af sérstöku tagi þar sem íslenska er í raun viðfangsmálið en erlendum notendum stendur til boða leitaradgangur um erlend jafnheiti þar sem velja má á milli þriggja jafnheitamála.

4. Flettur og meginskipan í orðabókarlýsingunni

Flettiorð í orðabókarlýsingunni eru af tvennu tagi, annars vegar eiginleg orð (orðaflettur), hins vegar hugtakaheiti (hugtakalettur). Flettiorðin mynda samfellda stafrófsraðaða skrá en eru aðgreind á þann hátt að orðaflettur eru með lágstöfum en hugtakalettur með hástöfum:

ágirnd no kvk
ÁGIRND
 ágiskun no kvk
 ágóði no kk
 ágreiningur no kk
ÁGREININGUR
 ágríp no hvk
 ágæti no hvk
ÁGÆTI

Eins og hér kemur fram geta hugtaksheiti og orð átt sér sömu ritmynd og fer þá orðið á undan.

4.1 Orðaflettur

Val á orðaflettum miðast einkum við að orðin eigi sér skýr fylgdarorð í setningarlegu og/eða orðmyndunarlegu samhengi. Flest gildustu flettiorðin koma bæði fram í orðasamböndum og samsetningum en oft er aðeins um annað hvort að ræða. Notkunarsamhengi margra flettiorða er bæði sýnt með orðasamböndum og notkunardæmum en lýsingin getur einnig takmarkast við aðra tegundina.

Flettiorðin tilheyra að meginhluta til hinum almenna orðaforða og lítið fer fyrir sérhæfðu og fagbundnu orðafari. Þetta skýrist af því sjónarmiði að notendur séu ekki að leita skýringa á merkingu orða heldur nýti flettiorðin á meðvitaðan hátt til að gera sér mynd af notkun tiltekins orðs eða virða fyrir sér samstætt orðafar sem flettiorðið tengir saman. Í ljósi þessa er eðlilegt að nafnorð séu fyrirferðarmest meðal flettiorðanna en sagnir skipa einnig verulegt rúm enda sýna margar þeirra afar mikla fjölbreytni í setningarlegum samböndum. Hins vegar vega lýsingarorð ekki eins þungt í orðabókarlýsingu af þessu tagi þar sem mörg þeirra hafa fá eða engin sérkennandi fylgdarorð.

Í orðaflettum koma aðeins þrjú eiginlegir orðflokkar við sögu, nafnorð, lýsingarorð og sagnir, en fjórða „orðflokkinn“ mynda forliðir af ýmsu tagi. Þótt þessi takmörkun gildi um flettiorðin birtir orðabókarlýsingin víða skýra og fjölbreytta mynd af öðrum orðflokkum, ekki síst atviksorðum og forsetningum,

í samhengi við flettiorðin, og í orða- og orðasambandaskránni er beinn aðgangur að fjölda orða sem ekki koma fram sem orðaflettur.

Þar sem tvær eða fleiri orðaflettur hafa sömu ritmynd eru þær aðgreindar með raðnúmeri framan og ofan við orðið:

¹egg no kvk
²egg no hvk

Innbyrðis röð meðal nafnorða er sú að karlkynsorð fer fremst, þá kvenkynsorð og loks hvorugkynsorð. Af orðflokkunum standa nafnorð fremst, á undan lýsingarorðum og sögnum.

Orðhlutaletta (forliður eða bakliður) kemur á eftir sjálfstæðu orði með sömu ritmynd. Þegar forliður og bakliður eru samyrtir fer forliðurinn á undan:

sýni no hvk
 sýni- forl
 -sýni no kvk

4.1.1 Nafnorð

Nafnorðaflettur eru rösklega 6.100 talsins, nær helmingur allra orðaflettna í bókinni. Þar af eru rúmlega 200 bakliðaflettur þar sem gerð er grein fyrir samsetningum með orðliðnum. Margir slíkir liðir eru samstofna sjálfstæðum nafnorðum: *-fugli* (sbr. *fugl*), *-fætla* (sbr. *fótur*), *-hýsi* (sbr. *hús*), *-mennni* (sbr. *maður*), *-yrði* (sbr. *orð*). Aðrir eru tengdir lýsingarorði: *-fýsi* (sbr. *fús*), *-gírni* (sbr. *gjarn*), *-leysi* (sbr. *laus*), *-vendni* (sbr. *vandur*). Enn aðrir eru skýrast tengdir sögn: *-bítur* (sbr. *bíta*), *-kljúfur* (sbr. *kljúfa*), *-beri* (sbr. *bera*), *-gjafi* (sbr. *gefa*), *-sali* (sbr. *selja*), *-þoli* (sbr. *þola*), *-haldari* (sbr. *halda*), *-gengill* (sbr. *ganga*). En hér eru einnig fáeinir bakliðir sem að jafnaði eru taldir til viðskeyta: *-dómur*, *-semi*, *-semd*, *-skapur*.

Nokkuð er um að fleirtölumyndir nafnorða eigi ekki merkingarlega samleið með eintölnunni. Þegar þannig háttar til er farið með myndirnar sem aðgreindar flettur og vísað frá eintöluflettunni til fleirtöluflettunnar:

burður no kk
 ▷burðir
 ¹ganga no kvk
 ▷göngur

4.1.2 Lýsingarorð

Lýsingarorðaflettur eru tæplega 3.200 talsins, þar af um 150 bakliðaflettur. Margir slíkir liðir eru dregnir af nafnorði (oft með hljóðbrigðum): *-eyrður* (sbr. *eyra*), *-fextur* (sbr. *fax*), *-lendur* (sbr. *land*), *-lyndur* (sbr. *lund*), *-máll* (sbr. *mál*), *-orður* og *-yrtur* (sbr. *orð*). Bakliðir með endingunni *-a* eru einnig dregnir af nafnorðum: *-arma* (sbr. *armur*), *-geðja* (sbr. *geð*), *-hliða* (sbr. *hlið*), *-holda* (sbr. *hold*), *-vona* (sbr. *von*). Nokkuð er um bakliði með endingunni *-aður*: *-blaðaður* (sbr. *blað*), *-eggjaður* (sbr. *egg*), *-nefjaður* (sbr. *nef*), *-lundaður* (sbr. *lund*). Bakliðir með *-inn* eru tengdir sagnarstofni: *-leitinn* (sbr. *leita*), *-rækinn* (sbr. *rækja*), *-skiptinn* (sbr. *skipta*). Sem dæmi um liði

sem venja er að telja til viðskeyta má nefna *-samur*, *-leitur* og *-rænn*.

Gagnvart flettuskipan lýsingarorða er þess að gæta að hvorugkynsmyndin er tilgreind sem flettiorð þegar lýsingarorðið kemur fram í þeirri mynd án þess að eiga við hvorugkynsnafnorð innan orðasambands. Þessi aðgreining er í samræmi við meðferð lýsingarorða sem lykilorða í orða- og orðasambandaskránni.

Lýsingarhættir eru greindir sem eiginlegar lýsingarorðaflettur og er þar einnig tekið mið af þeirri greiningu sem gildir um orða- og orðasambandaskrána. Tengsl lýsingarháttanna við sagnir sem þeir eru leiddir af eru sýnd með því að vísa frá sögninni til lýsingarháttarins:

bila so
 1 (no. bilun) ég er að gefast upp á bílnum, hann er alltaf að bila
 tækið er orðið gamalt og getur farið að bila
 2 hann varð að hætta að vinna þegar heilsan bilaði
 ▶ **bilast**, **bilaður**

þroska so
 (no. þroskun) (<reyna að>) þroska <hæfileika sína>
 <þetta; starfið> þroskar <hann, hana> reyndu að fá hana til að lesa góðar bókmennir, það þroskar hana
 ▶ **þroskast**, **þroskaður**, **þroskandi**

4.1.3 Sagnir

Sagnaflettur eru rösklega 2.800. Rétt er að taka fram að lýsing sagna er mun fyrirferðarmeiri í orðabókar-textanum en fjöldi flettiorða segir til um. Meðal sagna ber mun minna á bakliðum en meðal nafnorða og lýsingarorða. Þeir eru innan við tíu talsins og hver um sig bundinn örfáum samsetningum (t.d. *-bæna*, *-falda*, *-frægja*, *-gæfa*, *-læta*, *-væða*).

Sú regla er látin gilda um flettuskipan sagna að germynd og miðmynd eru alltaf aðgreindar og miðmyndin látin koma fram í mynd sjálfstæðra flettiorða. Hér er enn gætt samræmis við orða- og orðasambandaskrána. Tengsl germyndar við samsvarandi miðmynd eru sýnd með því að vísa frá germyndar-sögninni til miðmyndarinnar.

Áður er getið um lýsingarhætti, sem farið er með sem lýsingarorð en vísað er til frá samstofna sögn.

4.1.4 Forliðir

Forliðaflettur eru hátt í 400 talsins. Til forliða teljast í fyrsta lagi fjölmörg eiginleg forskeyti, liðir eins og *endur-*, *erki-*, *fimbul-*, *jörmun-*, *mis-*, *sí-*, *tor-*, *van-* og *paul-*. Svipaða stöðu hafa ýmsir bundnir forliðir sem tengdari eru samstofna sjálfstæðum orðum að formi og hlutverki: *freð-*, *kven-*, *níða-*, *ómælis-*, *almanna-*, *innanríkis-*, *hreintungu-* og *miðsvetrar-*. Sumir forliðir koma annars fram sem forsetningar eða atviksorð: *burt-*, *gegn-*, *gegnum-*, *heim-*, *heimma-*, *mót-*, *neðan-* og *ofan-*. Þá eru nokkrir forliðir tengdir töluorðum eða hafa tölugildi: *ein-*, *tví-*, *tvö-*, *þrí-*, *fjór-*, *fjöl-*. Allmikið er um forliði sem eru samstofna við nafnorð eða sögn samstæðrar merkingar: *ak-*, *graf-*, *les-*, *ljúg-*, *sker-*, *skugg-*, *smur-*, *flökku-*, *ruglu-*

og *öku-*. Hér ber einkum mikið á tvíkvæðum forliðum sem enda á *-i* og jafnan eru leiddir af sagnarstofni: *brenni-*, *bæti-*, *fylli-*, *gisti-*, *hengi-*, *kæli-*, *refsi-*, *skemmti-*, *velti-*, *þrýsti-*.

4.1.5 Millivísanir til skyldra orða

Meðal flettiorðanna er talsvert um samstofna orð sem jafnframt eru samstæð að hlutverki og merkingu. Til að greiða fyrir yfirsýn um slík tengsl eru hafðar millivísanir við fjölmörg flettiorð til merkingarskyldra orða og er þá haft í huga að notkunartilefni geti verið þess eðlis að gagnlegt sé að svipast um meðal skyldra orða. Millivísanirnar eru jafnframt til glöggvunar um flettuskipan orðabókarinnar, t.d. að því er varðar sjálfstæða stöðu lýsingarháttanna og miðmyndar sagna, sem áður er getið.

Alls er vísað frá u.þ.b. 2.500 orðum til annarra flettiorða í bókinni (eins eða fleiri eftir atvikum). Vísanirnar eru yfirleitt ekki gagnkvæmar, þannig að við flettiorð sem vísað er til sé einnig vísað til þess orðs sem vísar þangað (t.d. bæði frá *hníga* til *hnigna* og frá *hnigna* til *hníga*). Meginreglan er sú að vísað er frá því orði sem talist getur gildara eða víðtækara að merkingu eða er með einhverjum hætti yfirskipað orðinu sem vísað er til. Veigamikil orð sem eiga sér marga rótskylda ættingja samstæðrar merkingar geta fengið alllanga runu millivísana:

bera so
 ▶ **berast**, **borinn**; **-beri**, **-burða**, **burðast**, **byrði**, **bær**, **-bæra**, **-bæringur**, **börur**

¹**mál** no hvk
 ▶ **-máli**, **-máll**, **mæla**, **mælandi**, **mælgj**, **mæli**, **mælska**, **mælskur**, **-mæltur**

Annars staðar er vísunin takmarkaðri en beinist frá meginorði til afleiddra orða:

¹**hús** no hvk
 ▶ **hýsa**, **-hýsi**

bók no kvk
 ▶ **bæklingur**

gras no hvk
 ▶ **grös**; **-gresi**, **grösugur**

snerta so
 ▶ **snerti-**, **snertur**

Í nokkrum tilvikum er vísað gagnkvæmt á milli samstofna orða sömu eða samstæðrar merkingar sem bæði eiga rétt á sér sem sjálfstæð flettiorð vegna mismunar í orðmyndun:

ey no kvk
 ▶ **eyja**

eyja no kvk
 ▶ **ey**

4.2 Hugtakaflettur

Hugtökin sem fengist er við að lýsa og eiga sér heiti í hugtakaflettum orðabókarinnar eiga það flest sameiginlegt að fela í sér vísun til óhlutkenndra fyrirbæra, svo sem tilfinninga, skynjunar, afstöðu, eiginleika, hæfileika og framkomu. Í samræmi við það er orðafarið fyrst og fremst lýsandi, lýsir t.d. tilfinningum

eins og gleði og reiði eða eiginleikum eins og dugnaði og leti. Meðal hugtakaheitanna er víða að finna samstæðar heildir skyldra hugtaka sem sumpart koma fram sem yfirskriftir sömu orða og orðasambanda. Slík vensl endurspeglar að miklu leyti í þeim vísunum sem fram koma á milli hugtaka í orðabókartextanum.

4.2.1 Hugtakaval og hugtakaheiti

Hugtakaheiti hafa samræmdan buning að því leyti að þau eru öll sett fram sem nafnorð og hlutverk þeirra sem hugtaka er undirstrikað með því að rita þau með hástafalettri. Það liggur vitaskuld misjafnlega beint við að velja viðeigandi heiti. Víða er valið vandkvæðalaust svo að segja má að heitið liggja beint við: ANDSTAÐA, ÁHYGGJUR, ÁKVÖRDUN, BEIÐNI, BID, DUGNAÐUR, FEIMNI. Annars staðar er erfiðara að velja hugtakinu buning í mynd nærtækra og þekktra orða og þá getur verið ástæða til að spanna sviðið með samsettu heiti: ADILD/ÞÁTTTAKA, AFKOMA/LÍFSKJÖR, BRÁDLÆTI/FLJÓTFÆRNI, EINLEGGNI/HEILINDI. En krafan um nafnorðsmyndun getur einnig framkallað heiti sem ekki styðjast við almenna málnotkun og stöku heiti geta þótt harla óræð: FÚSLEIKI, HJÁSNEIÐING, BÁGI, HUGKVÆMD/HUGDETTA. Slík heiti geta þótt langsótt við fyrstu sýn en meginmáli skiptir að þau hæfi því orðafari sem þau standa fyrir og það orðafar myndi samstæða heild sem kallar á fyrrisögn. Notandanum er engin höfuðnaudsýn að geta ályktað um heitið fyrir fram, gert er ráð fyrir að athygli hans dragist að því þegar tilefni gefst til út frá orði eða orðasambandi sem tilheyrir hugtakinu.

Það leiðir af eðli hugtakaheitanna að hugtökin eru misjafnlega skýrt aðgreind og víða er um talsverða skörun að ræða milli skyldra hugtaka þannig að einstök orð og orðasambönd koma fram undir tveimur eða fleiri heitum. Þetta er einkum áberandi á þeim merkingarsviðum þar sem orðafar er sérlega fjölskrúðugt og völ er á hugtakaheitum sem marka að nokkru leyti skil en eru að öðru leyti samofin. Sem dæmi má nefna merkingarsvið þar sem finna má hugtakaheitið ADDRÓTTUN, AÐFINNSLUR, ÁMINNING, ÁSÖKUN, ÁVÍTUR, GAGNRÝNI, SKAMMIR og UMVÖNDUN og raunar fleiri skyld heiti. Með millivísunum er séð fyrir því að notendur hafi næga yfirsýn um hugtakasviðið hvar sem þeir bera niður í lýsingunni.

Fyrirferð hugtakanna er afar mismunandi. Í fyrirferðarmestu greinunum eru um og yfir 200 sambönd en í þeim minnstu eru samböndin einungis 5–10 talsins.

Afstaða hugtakshéttisins til þess orðafars sem undir það fellur er með ýmsu móti og þar sem hún er margbrotin eru yfirleitt mörkuð kaflaskil í lýsingunni með stuttum skýringum. Sums staðar er t.d. rakið samfellt ferli, eins og undir heitinu SVEFN/VAKA, annars staðar spannar heitið orðafar andstæðrar merkingar, eins og heitin FJÁRHAGUR og FRAMMISTAÐA vitna um, enn annars staðar sameinast sambönd sem eiga við geranda og þolanda, eins og undir heitunum OFBELDI og SKAMMIR.

Þegar um efnisminni hugtök er að ræða er afstaðan yfirleitt einfaldari og orðafarið samstæðara.

4.2.2 Millivísanir til skyldra hugtaka

Þegar um er að ræða lýsingu á hugtakabundnu orðafari þurfa orðabókarnotendur að hafa yfirsýn yfir vítt merkingarsvið og geta þreifað sig áfram að þeim efnisatriðum sem veita best svör við því sem áhugi þeirra beinist að. Notandi sem í upphafi tengir athugunarefni sitt við tiltekið orðasamband sem hann finnur í orða- og orðasambandaskránni og fær þaðan vísun til ákveðins hugtaks getur komist að raun um að orðasambandið sem hann valdi snertir ekki kjarna þess sem hann hafði í huga svo að hann verður að svipast um víðar. Lýsingin sem orðasambandið leiddi notandann inn í getur líka kveikt nýjar hugmyndir með nýjum athugunarefnum. Til að mæta þessum þörfum og skipa hugtökunum í merkingarlegt samhengi eru hafðar millivísanir til skyldra hugtaka við hvert heiti. Á þennan hátt er reynt að tryggja að notendur hafi hvarvetna yfirsýn yfir nægilega vítt hugtaka- og merkingarsvið. Millivísanirnar eru einnig notendum til glöggvunar að því leyti að þær varpa ljósi á merkingarlega afmörkun þess hugtaks sem þær eiga við þegar heitið er borið að þeim heitum sem vísað er til.

Það er að sjálfsögðu nokkurt matsatriði hversu víðtækar millivísanirnar eiga að vera og ólík staða hugtakanna veldur því að þau eru misjafnlega gild að þessu leyti. Tilhögun millivísananna er hins vegar með samræmdu sniði að því leyti að fremst fara skyldustu hugtök en aftast þau hugtök sem fela í sér andstæða merkingu (sé um það að ræða). Millivísanir með hugtökunum GAGNSEMI og DEILA eru lýsandi dæmi um þetta fyrirkomulag:

GAGNSEMI

► ÞÖRF, FENGUR, HAGNÝTING, HAGRÆÐI/ÞÆGINDI, HAGUR/GRÖÐI, HAGKVÆMNI, ÁRANGUR, LÍTILSVIRÐI/FÁNYTI, GAGNSLEYSI

DEILA

► ÁGREININGUR, ÓSÆTTI, ÓVINÁTTA, ÓFRIDUR, RIFRILDI/PRAS, PRASGIRNI, UPPISTAND, GAGNRÝNI, SKAMMIR, VIÐUREIGN, SAMKOMULAG, ÚRSKURÐUR, NIÐURSTAÐA, SÆTTIR

5. Innskipan

Með innskipan orðabókar er átt við þá skipan sem er á lýsingu hvers flettiorðs um sig og innbyrðis röð þeirra efnispáttá sem lýsingin hefur að geyma. Hér verður að hafa þá sérstöðu orðabókarinnar í huga að um er að ræða tvær ólíkar tegundir flettiorða og sú innskipan sem á við lýsingu eiginlegra orða getur ekki átt við um lýsingu hugtaka þótt sum efnisatriði séu af sama tagi.

5.1 Innskipan í lýsingu orða

Hvert flettiorð markar upphaf flettugreinar sem tekur til lýsingar orðsins í heild og afmarkast af þeim greinaskilum sem verða við næsta flettiorð. Flettugrein

getur skipst í fjóra meginhluta (að frátöldum millivísunum, sem áður er getið). Fremst fer flettiorðið sjálft ásamt auðkenni sínu (orðflokki). Þar á eftir fer lýsing á setningarlegri notkun í mynd orðasambanda og/eða notkunardæma. Í þriðja hluta er lýsing á orðmyndun þar sem samsetningarliðir flettiorðsins standa sem fyrirsagnir samsetninga sem orðið kemur fram í. Í flettugreinum sagna, þar sem fram koma fyrirsagnir sagnarsambanda, fara samsetningar með sögninni á undan lýsingu á sagnarsamböndunum, eins og síðar verður gerð grein fyrir. Í lok flettugreinar getur svo verið málsháttur:

hóf no hvk

1 (<það er ekkert>) hóf á <eyðslunni, átinu, drykkjunni> það er ekkert hóf á því hverju hún eyðir í skemmtanir

gæta hófs

ætla sér hóf

hafa hóf á <öllu; eyðslunni>

halda hóf

halda sig í hófi

(<reyna að>) stilla <eyðslunni, drykkjunni; kröfunum, verðinu> í hóf

kunna sér (ekki) hóf

<neyta áfengis> í hófi

<kostnaðurinn hefur farið> fram úr <öllu> hófi

<drekka> meira en góðu hófi gegnir

<þetta; frekjan, yfirgangurinn, tillitsleysið>

gengur úr hófi

<þetta; frekjan, hamagangurinn; eyðslan>

keyrir (alveg) úr hófi

2 = veisla halda hóf

hófið fer/fór fram <um helgina>

sitja hófið

<það var fjölmenni> í hófinu

ákvæði <fjölmennt; virðulegt> hóf

hóf- hóf-samur, hóf-stilltur, hóf-látur; hóf-legur;

hóf-semi, hóf-semd, hóf-stilling, hóf-læti; hóf-

drykkja; hóf-lauss, hóf-leysa, hóf-leysi

hófs- hófs-maður

-hóf 1 meðal-hóf, mundangs-hóf, miðlungs-

hóf; ó-hóf 2 = veisla afmælis-hóf, brúðkaups-

hóf; kveðju-hóf, skilnaðar-hóf; matar-hóf, kaffi-

hóf, kvöldverðar-hóf

☞ hóf er á öllu best

▷ hæfa, hæfi

Það er misjafnt hvort vegur þyngra í lýsingu orðanna, hin setningarlega notkun orðsins eða orðmyndunarþátturinn. Í dæminu hér á undan ber mest á orðasamböndum. Annars staðar er orðmyndunarþátturinn gildari:

stökk no hvk

taka undir sig stökk allt í einu tók hann undir

sig stökk og sentist yfir girðinguna

<fara yfir ganginn> í <einu> stökki

reið <koma> á (<harða->) stökki <upp túnið>

stökk- 1 stökk-braut, stökk-bretti, stökk-pallur,

stökk-planki, stökk-gryfja; stökk-kraftur, stökk-

hraði, stökk-staða, stökk-lag, stökk-stíll, stökk-

tækni, stökk-fimi, stökk-fimur; stökk-keppni,

stökk-æfing; stökk-sprettur; stökk-fótur; stökk-

hestur; stökk-skíði 2 stökk-breyting, stökk-

þróun; stökk-brigði

-stökk skíða-stökk, stangar-stökk; lang-stökk,

há-stökk, þri-stökk; flug-stökk, svif-stökk, loft-

stökk; hliðar-stökk, upp-stökk; heljar-stökk; koll-

stökk; glæfra-stökk; risa-stökk, stór-stökk;

harða-stökk; framfara-stökk

Þá háttar sums staðar svo til að annar þátturinn er einráður:

rjúfa so

(no. rof) rjúfa <vegginn, þakið, þekjuna; hauginn;

innsiglið> það þurfti að rjúfa vegginn til að ná skápnum út

rjúfa <strauminn; sambandið, tengslin, samstöðuna>

rjúfa <samninginn, kaupin, sættina, gríðin, eiðinn, lofordið, heitið, trúnað við hann; bindindið; hafnbannið; friðinn>

rjúfa þing

rjúfa fylkinguna

rjúfa safnaðinn

rjúfa <gat, skarð> í <vegginn>

sjórinna hefur smám saman rofið bergið

<ekkert> rýfur/rauf þögnina ekkert rauf þögnina nema kvak í einstaka fugli í fjarska

▷ rauf, rof, rofa, rofi, rofna

-girni no kvk

fram-girni, kapp-girni, metorða-girni,

metnaðar-girni, frama-girni, drottnunar-girni,

valda-girni; reiði-girni, deilu-girni, þras-girni,

þrætu-girni, uppreisnar-girni, hefni-girni,

hefndar-girni, árásar-girni, rán-girni, dráp-girni,

morð-girni; sátt-girni; hræðslu-girni; fé-girni;

munaðar-girni, glys-girni, skart-girni, skraut-

girni, hégóma-girni; væru-girni; trú-girni; efa-

girni; sóma-girni; nám-girni, nýjunga-girni,

breytinga-girni; ver-girni; eigin-girni, sín-girni;

góð-girni, ill-girni; sann-girni

5.1.1 Flettiorð, afbrigði og orðflokkur

Lýsing orðsins hefst á flettiorði að viðbætti skammstöfun sem segir deili á orðinu með tilliti til orðflokks (og kyns, sé um nafnorð að ræða). Afbrigði af flettiorðinu sem ástæða þykir til að geta um eru tilgreind í svigum aftan við flettiorðið. Slík afbrigði varða formlegan búning eða rithátt en eru jafngild með tilliti til þeirra notkunarbrigða sem orðlýsingin hefur að geyma:

forysta (forusta)

smjör (smér)

orusta (orrusta)

predika (prédika)

Nafnorð hafa orðflokksauðkennið no að viðbætti víðeigandi skammstöfun um kyn: kk fyrir karlkyn, kvk fyrir kvenkyn og hvk fyrir hvorugkyn. Víðast hvar er nefnifallsmynd eintölu tilgreind sem flettimynd venju samkvæmt:

baksýn no kvk

banki no kk

bann no hvk

Þegar flettiorðið er bundið fleirtölu er það auðkennt sérstaklega:

bágindi no hvk ft

Lýsingarorð eru auðkennd með lo og þar sem orðið vísar til kynbundins nafnliðar er það tilgreint í karlkynsmynd sinni:

bágur lo

Hins vegar er hvorugkynsmyndin tilgreind sem sjálfstætt flettiorð þegar lýsingarorðið kemur fram í þeirri mynd án þess að eiga við kynbundinn nafnlið:

bágt lo hvk

Sagnir eru auðkenndar með skammstöfuninni so:

taka so

takast so

Forliðir eru auðkenndir með skammstöfuninni forl:

betli- forl

5.1.2 Fyrirsagnir sagnarsambanda

Setningarleg notkun sagna getur verið æði margbrotin, m.a. með tilliti til fjölbreytni atviksorða og forsetninga sem með þeim standa. Til að greiða notendum leið að slíkum sagnarsamböndum (sérstaklega þegar um margbrotnar sagnir og þar með fyrirferðarmiklar flettugreinar er að ræða) er þeim skipað aftan við hina almennu lýsingu undir stafrofsraðaðar fyrirsagnir þar sem smáorð eða smáorðasamband fer á eftir nafnháttarmynd sagnarinnar:

ráðast so

framvinda, málalok *mér list ekki á að þetta takist – við skulum sjá hvornig þetta ræðst, það er aldrei að vita*

það ræðst á næstu dögum hvort af kaupunum verður

<þetta> ræðst af <aðstæðum> *það ræðst ekki síst af verðinu hvaða þyrla verður keypt*

það verður að ráðast (<hv-S>) hvenær ætlaðu að skila ritgerðinni? – það verður bara að ráðast, ég er ekki enn búinn með hana

láta <þetta> ráðast

ráðast + að

ráðast að <honum, henni> (með <barsmið, skömmum, svivirðingum, látum>)

ráðast + á

árás ráðast á <hann, hana; landið, borgina>

ráðast á <manninn> úr launsátri

gagnrýni ritstjórnin ræðst harkalega á ráðherrann

fyrir að hafa blekk þjóðina

ráðast + í

ráðast í <þetta; framkvæmdir, húsbýggingu, bílakaup> *það þyrfi helst að skipta um alla glugga í húsinu – hvenær höfum við efni á að ráðast í það?*

Fyrirsögnin getur sameinað sagnarsambönd ólíkrar gerðar og merkingar og lýsingin þá verið liðskipt eftir atvikum:

renna + upp

1 tími <nýr dagur, nýtt tímabil> rennur/er runnið upp *loksins var fyrsti skóladagurinn runninn upp; með fyrstu geimferðinni rann upp nýtt tímabil í sögu mannkynsins*

2 skilningur vaknar <þetta> rennur/rann (<allt í einu>) upp fyrir <mér> *nú rann allt í einu upp fyrir mér hvornig á þessu stóð*

það rennur/rann upp fyrir <honum, henni> ljós

renna + út

1 (lo. útrunninn) <tíminn, fresturinn> rennur/er runninn út *ég verð að ganga frá umsókninni í hvelli, fresturinn rennur út á morgun; flýtið ykkur að skora, tíminn er að renna út*

2 mikil sala hvornig seljast kökurnar? – þær renna renna út (eins og heitar lummur)

5.1.3 Orðasambönd og notkunardæmi

Lýsing á setningarlegri notkun flettiorðsins kemur fram í orðasamböndum og notkunardæmum sem víða eru kjarni flettugreinarinnar:

áhyggjur no kvk flt

áhyggjur af <þessu; málinu, ástandinu, framvindu mála, afdrifum þeirra; honum, henni> hafa (<miklar, þungar>) áhyggjur (af <þessu; honum, henni>) *hann hefur áhyggjur af því að*

ég borgi sér ekki; (hafðu) engar áhyggjur, þetta tekst allt saman

lýsa yfir áhyggjum sínum (af <þessu>)

<þetta> veldur <mér> áhyggjum *það veldur*

mér áhyggjum hvað hann hefur horast

það hvíla á <honum, henni> (<miklar; allar

heimsins>) áhyggjur

vera þjakaður af áhyggjum

vera þrugaður af áhyggjum

áhyggjurnar eru að buga <hann, hana>

áhyggjurnar eru að sliga <hann, hana>

áhyggjurnar eru að fara með <hann, hana> í

gröfina

(vera að) bugast af áhyggjum

(<reyna að>) létta áhyggjunum af <honum,

henni>

ákvæði <miklar, þungar; stöðugar, eilffar; vax-

andi> áhyggjur

Hér koma notkunardæmin fram sem vitnisburður um undanfarandi orðasamband en notkunardæmi geta einnig staðið sjálfstætt og vitnað um setningarlegt umhverfi orðsins:

skrölta so

1 (no. skrölt) hljóð lokaðu, ég þoli ekki að hurðin skrölti svona

2 viðkvæmt heilsufar *þetta er engin heilsa en það er merkilegt hvað hann skröltir*

3 = vera á krökki *ég kæri mig ekkert um að þið séuð að skrölta niðri í bæ um miðja nótt*

Leitast er við að skipa orðasamböndum á þann hátt innbyrðis að samstæð atriði fari sem mest saman og notendur geti, að vissu marki a.m.k., rakið þræði sem tengja saman einstaka hluta. Allvíða hagar svo til að runa orðasambanda spannar ákveðna framvindu sem látin er endurspeglast í röð sambandanna:

nám no hvk

nám í <guðfræði, húsasmíði>

hyggja á nám <við háskólann>

hvetja <hann, hana> til náms

halda <drengnum> til náms

senda <hann, hana> til náms (<í píanóleik>)

styðja <hann, hana> til náms

kosta <börnin> til náms

hefja nám (<að hausti>)

vera við nám (<í markaðsfræðum; við háskólann>)

vera (enn) í námi (<erlendis>)

stunda nám (<við tónlistarskólann>)

stunda námið <af kappi>

námið sækist <vel>

<honum, henni> sækist námið <vel>

<honum, henni> miðar <vel> í náminu

leggja rækt við námið

slá slöku við námið

hætta námi

hverfa frá námi

flosna upp úr námi

ljúka/hafa lokið námi *hann hyggst ljúka námi*

á næsta ári

ákvæði bóklegt nám

verklegt nám

hagnýtt nám

fræðilegt nám

reglulegt nám

óreglulegt nám

<erfitt, strangt, stíft> nám

Hér er litið svo á að slík rökleg efnisröð komi notendum að jafnaði betur en röð sem ræðst af setningarlegri stöðu orðsins. Þó er að vissu marki tekið tillit til setningarlegra einkenna við skipan orðasambandanna eins og getið verður um síðar.

Notkunardæmin eru yfirleitt fyllri setningarlega en orðasamböndin, jafnan óskert málgrein:

beina so

beina <ánni, læknum, rennslinu, ljósinu, geislanum, loganum> <þangað> *beindu ljósinu upp í gluggann; það þarf að beina læknum lengra frá húsinu*
 beina að <honum, henni> <byssu> *vörðurinn beindi byssu að fanganum*
 beina <athyglinni, áhuga sínum, huganum, óánægju sinni> að <þessu; honum, henni> *ritstjórinn beinir gagnrýni sinni fyrst og fremst að ríkisstjórninni; drengurinn beindi fljótt áhuga sínum að tónlist*
 beina sjónum sínum að <þessu; honum, henni> *við skulum beina sjónum okkar að háleitari málefnum*
 beina <orðum sínum, spurningunni, þessum tilmælum> til <hans, hennar> *foreldrarnir beindu þeim tilmælum til prestsins að hann seinkaði fermingunni; skólastjórinn beindi orðum sínum sérstaklega til yngstu nemendanna*

Notkunardæmin eru samin af höfundi og er ætlað að endurspegla raunverulega málnotkun. Til að koma þeim áhrifum til skila er mælandinn hafður sem ná-lægastur, oft þannig að hann kemur fram í búningi fornafnsins *ég* eða óbeint með þeim hætti að talað er til einhvers sem nefndur er með fornafninu *þú*:

heppinn o

(no. heppni) *ég var heppinn að geta losnað við bílinn*
ég var heppinn að þú komst, ég hefði aldrei klárað þetta einn
 vera heppinn með <vinnu, veðrið; vinnufé-laga>

Þetta verður ekki síst áþreifanlegt þegar notkunardæmi birtir orðaskipti (liðir í orðaskiptum eru aðgreindir með þankastriki):

ógeð no hvk

1 fá (<algert>) ógeð á <þessu; vinnunni; honum, henni> *ég var búinn að fá ógeð á rjómatertum eftir allar þessar veislur*
 hafa (<algert>) ógeð á <þessu; honum, henni> *henni líkar víst ekki við hann – ég held hún hafi hreinlega ógeð á honum*
2 finnst þér hann ekki sóðalegur? – mér finnst hann bara algert ógeð

Orðaskipti eru auk þess vel til þess fallin að laða fram merkingu orðs eða orðasambands:

belgingur no kk

1 hroki *hann er ekki eins hógvær og bróðir hans – nei, það er hálfgerður belgingur í honum*
2 vindur *er hann orðinn hvass? – nei, en það er svona belgingur*

5.1.4 Ábendingar

Almennt er við það miðað að notendur þekki helstu deili á þeim orðum sem þeir huga að í bókinni og því er ekki um eiginlegar merkingarskýringar að ræða. En til að notendur geti með hægu móti ratað um lýsinguna er víða þörf á að flokka það efni sem flettugreinin hefur að geyma og marka skil með leiðsagnartexta. Í þessu sambandi gegna ábendingar, sem fram koma í skyggðum fleti í orðabókartextanum, lykilhlutverki:

rjúka so

1 *í svona langvarandi þurrkum rýkur jarðvegurinn á haf út*
molnir rýkur upp úr garðinum
um kvöldið bálhvessti svo að sjór var farinn að rjúka
2 það rýkur <á bænum; (upp) úr strompinum/heyinu/brunarústunum>
3 = kólna *kaffið er heitt, við skulum láta það rjúka ögn*
4 viðbragð, viðbrögð rjúka <til, af stað, burt, út, á dyr; á fætur>
 árás rjúka í <manninn> *það var meira hvað hann reiddist, ég hélt hann ætlaði að rjúka í þig*
 rjúka á <manninn>
 <mennirnir> rjúka/ruku saman
 rjúka um koll
 reiði, bræði rjúka upp
 rjúka upp á nef sér
 ákefð, óðagot rjúka upp til handa og fóta
5 veður um kvöldið var rokið á versta norðanveður
 það rýkur/rauk á (með <norðanbyl>)
 hann rýkur/rauk upp (<með ofsaveðri>)
rjúka + í
 ákefð, fljótræði rjúka í <þetta; framkvæmdir> *hún var ekki fyrr komin heim af spítalanum en hún rauk í að stinga upp garðinn; við skulum ekki rjúka í neinar framkvæmdir fyrr en við vitum hvað þetta kostar*

Hér lúta ábendingarnar einkum að merkingareinkennum en eru settar fram í mun knappara formi en eiginlegar merkingarskýringar. Samheitavensl gagnvart skýringarorði eru auðkennd með merkinu =:

hrökkva so

1 = þeytast *grjótið hrundi niður af pallinum og hrökk í allar áttir*
 = slíta *bandið hrökk strax í sundur við fyrsta átak*
2 viðbragð hrökkva eða stökkva *nú dugir ekkert hik, þú verður að hrökkva eða stökkva*
 hrökkva saman (<af hræðslu>)
 hrökkva saman í kút
 hrökkva saman í kuðung
 hrökkva í kút
 hrökkva í kuðung
hrökkva + fyrir
 = nægja <upphæðin, styrkurinn> *hrekkur (ekki) fyrir <kostnaði>*
hrökkva + til
 = nægja <þetta; peningarnir, upphæðin> *hrekkur (ekki) til hann er búinn að fá lán úr öllum hugsanlegum sjóðum en það hrekkur ekki til*
hrökkva + undan
 = hópá *hrökkva undan veitti herinn einhverja mótspyrnu? – nei, hann hrökk strax undan*

Almenna reglan um gildi ábendinga er sú að þær eiga við þau atriði sem á eftir fara, í lýsingu samsetninga að jafnaði aftur að næstu semíkommu í textanum þar sem efnisskil eru mörkuð með semíkommu. Annars gildir ábendingin yfirleitt til loka töluliðar eða til næstu fyrirsagnar. Þegar ábending er höfð fremst í orðlýsingu getur hún þó átt við lýsinguna alla. Það gildir einnig innan töluliðar, þannig að ábending fremst í tölulið getur átt við töluliðinn allan:

belgur no kk

belg- belg-vettlingar, belg-peysa, belg-flaska; belg-ávöxtur; belg-mikill, belg-víður; áhersla
 belg-fullur, belg-fylla, belg-saddur, belg-troðinn
-belgur 1 föstur-belgur, hilda-belgur, líknar-belgur; fræ-belgur; skinn-belgur, leður-belgur, nauts-belgur, kálfs-belgur, kálfskinns-belgur,

refs-belgur; tófu-belgur; skinnpoki kæfu-belgur, smjör-belgur; einnig um mann vín-belgur, brennivíns-belgur; smíðju-belgur, físi-belgur, einnig um montinn mann vind-belgur; flugvélar-belgur; loft-belgur; lóða-belgur **2** um mann eyðslu-belgur, óhófs-belgur, óráðsfu-belgur, leti-belgur; óláta-belgur; hljóða-belgur, ærsla-belgur; hroka-belgur; istru-belgur

Ábendingar gegna margþættu hlutverki í lýsingu orðanna. Að þeim verður nánar vikið í tengslum við einstök atriði í orðlýsingunni.

5.1.5 Lýsing á orðmyndun, samsetningar

Annar gildasti þáttur orðabókartextans er fólgin í lýsingu á stöðu flettiorðsins í samsetningum. Sú lýsing er afmörkuð með fyrirsögnum sem sýna viðeigandi orðlið flettiorðsins sem fram kemur í eftirfarandi samsetningum. Innbyrðis skipan orðliðanna er sú að fremst fara forliðir, fyrst orðstofninn endingarlaus, þá mynd eignarfalls eintölu og síðan mynd eignarfalls fleirtölu, en aftast fer mynd flettiorðsins sem bakliðar:

bók no kvk

...

bók- bók-stafur, bók-fell, bók-band, bók-bindari; bók-lestur, bók-hneigður, bók-elskur, bók-hnýsinn; bók-vit; bók-fróður; bók-menntir; bók-fræði; bók-nám; bók-hlaða; bók-færa, bók-færsla, bók-hald; bók-sala, bók-sali

bókar- bókar-heiti, bókar-titill; bókar-kafli; bókar-kápa

bóka- bóka-gerð, bóka-útgáfa, bóka-forlag, bóka-búð, bóka-verslun, bóka-markaður, bóka-uppböð, bóka-flóð; bóka-flokkur; bóka-safn, bóka-vörður; bóka-stóll, bóka-kostur; bóka-stofa, bóka-herbergi, bóka-skápur, bóka-hilla, bóka-stoð, bóka-hnífur, bóka-merki; áhugi, lestur bóka-maður, bóka-þjóð, um ástriðufullan bókamann bóka-ormur, bóka-bé(f)us

-bók skóla-bók, kennslu-bók, náms-bók, les-bók, lestrar-bók, sýnis-bók; barna-bók; sala metsölu-bók; jóla-bók; sögu-bók; fræði-bók; orða-bók; dag-bók, minnis-bók; gesta-bók;

...

Í stöku orði bregður fyrir öðrum afbrigðum flettiliða, t.d. þágufallsmynd einstöku nafnorða. Í fáeinum lýsingarorðum eiga myndir veikrar beygingar rétt á sér sem flettiliðir (hér er hluti greinarinnar felldur brott):

svartur lo

...

svarti- svarti-dauði, svarti-galdur

svarta- 1 NO. svarta-brauð; svarta-galdur; áhersla svarta-bylur, svarta-myrkur, svarta-þoka, svarta-nótt **2** svarta-galls-, svarta-markaðs-

-svartur gljá-svartur; dimm-svartur, nátt-svartur, nið-svartur, hel-svartur; líking, alveg s. hrafn-svartur, hrafninnu-svartur, tinnu-svartur, kol-svartur, bik-svartur, blek-svartur, sót-svartur; al-svartur; sauð-svartur

Samsetningarunurnar veita víða glögga yfirsýn um orðmyndunareinkenni og orðmyndunarvirgni fletti-orðanna, þar sem t.d. má bera saman virkni stofnsamsetninga og eignarfallsamsetninga. En þær varpa einnig víða ljósi á notkun og merkingu flettiorðsins,

opna notendum sýn um það svið sem umkringir orðið og kynna þeim valkosti í orðanotkun. Hlutverk orðmyndunarlýsingarinnar er því að nokkru leyti samofið því hlutverki sem orðasamböndin og notkunardæmin gegna.

Staða og hlutverk samsetninga er hér önnur en í orðabókum þar sem merkingarlýsing er í fyrirrúmi og orðavalið miðast við það að orðin þarfnist merkingarskýringa. Hér markast orðavalið fyrst og fremst af því að orðin hafi hlutverki að gegna til lýsingar á einkennum og merkingu flettiorðsins sjálfs og því er t.d. gjarna seilst lengra til lausra samsetninga en ástæða er til þegar lýsingin er fólgin í merkingarskýringum. Þar sem dregnar eru saman sérkennandi og samstæðar samsetningar einstakra orða verða flettiorðin jafnframt aðgangslýklar að orðum og orðahópum sem hafa sitt sérstaka athugunargildi.

Innbyrðis afstaða samsetningarliða er oft á þann veg að forliðurinn gegnir hlutverki ákvæðis gagnvart bakliðnum: *stapa-fjall, bráð-fallegur*.^{*} En afstaðan getur einnig verið á hinn veginn, að ákvæðið komi fram í baklið samsetningarinnar. Skýr dæmi um þetta eru samsetningar þar sem síðari liðurinn hefur það hlutverk að láta í ljós viðhorf til þess sem greinir frá í fyrri liðnum eða mat á gildi þess:

strák- strák-kjáni, strák-bjáni, strák-bjálfi, strák-asni; strák-rola; velvild, glettni strák-snáði, strák-hnokki, strák-patti, strák-peyi, strák-pollí, strák-tappi; vorkunn strák-angi(nn), strák-grey(ið), strák-garmur(inn), strák-ræfill(inn), strák-kvöl(in); vandlæting, glettni strák-ormur, strák-pjakkur, strák-stauli, strák-gemlingur,

...

fata- 1 fata-gerð, fata-framleiðsla, fata-iðnaður,

...

fata-poki **4** um léleg fót fata-druslur, fata-garmar, fata-larfar, fata-leppar, fata-lurfur, fata-ræflar, fata-tuskur, fata-tætlur, fata-tótrar

Oftar en ekki hafa því bæði forliður og bakliður gildu hlutverki að gegna í orðmyndunarlýsingunni. Í bakliðnum speglast gjarna lýsing á hlutum þeirrar heildar sem býr í flettiorðinu. Dæmigert hlutverk forliðar er hins vegar vísun til gerðar eða tegundar:

á no kvk

ár- 1 ár-farvegur, ár-gil, ár-gljúfur, ár-botn, ár-bakki, ár-aurar, ár-eyri, ár-hólmi, ár-nes, árdalur, ár-flaumur, ár-foss, ár-framburður, ár-kjauftur, ár-mynni, ár-ós, ár-kvísl; ár-mót; árniður **2** lítil á ár-spræna, ár-sytra

-á bergvatns-á, lind-á, drag-á, hraun-á, jökul(s)-á; þver-á; lax-á, silungs-á, veiði-á, laxveiði-á, stangveiði-á; smá-á, stór-á

Annað mikilvægt hlutverk forliða er að herða á þeirri merkingu sem fólgin er í baklið orðsins:

-fjörugur mjög f. bráð-fjörugur, sprell-fjörugur, eld-fjörugur, glað-fjörugur, ljón-fjörugur, ofsa-fjörugur; sí-fjörugur

-logn algert l. blanka-logn, blá-logn, blíða-logn, blæja-logn, dúna-logn, hvíta-logn, koppa-logn, kyrra-logn, renni-logn, rjóma-logn, slétta-logn,

^{*}Þessi vensl eru víða áberandi þáttur í lýsingu aðalhlutans (bakliðarins) þar sem gerð er grein fyrir margbreytilegum ákvæðum orðsins.

spjgil-logn, stafa-logn, stilli-logn, stillu-logn; morgun-logn, kvöld-logn; ótryggt l. svika-logn
-hvesa h. mikið bál-hvesa, bráð-hvesa, hrað-hvesa, rok-hvesa, snar-hvesa, snögg-hvesa, stríð-hvesa; smá-hvesa

Samsetningalýsingin gefur notendum ekki síst færi á að virða fyrir sér samstætt orðafar af þessu tagi. Þar sem ekki er við það miðað að notendur leiti að stöku orði er stafrófsröðin víðast hvar brotin upp og röð liðanna fremur látin ráðast af merkingarlegum skyldleika þeirra. Eftirfarandi dæmi, þar sem flokkunin er studd ábendingum, sýnir vel notagildi þeirrar tilhögunar samanborið við orðarunu í stafrófsröð:

-menni no hvk

1 viðmót góð-menni, ljúf-menni, lipur-menni; manngöfji eðal-menni, göfug-menni, val-menni; útlit, yfirbragð glæsi-menni, spjngil-menni, itur-menni, nett-menni, snotur-menni, snyrti-menni; hreysti, kjarkur hraust-menni, karl-menni, krafta-menni, afar-menni, þrek-menni, heljar-menni, kjark-menni, hetju-menni; tign stór-menni, í flt. fyrir-menni; snilld mikil-menni, ofur-menni; hegðun prúð-menni; röskleiki fjör-menni, snar-menni, snöfur-menni, klæðaburður skart-menni, skraut-menni **2** um mjóvaxinn/væskilslegan mann rindil-menni, pinkil-menni, væskil-menni; um hrikalegan/svakalegan mann tröll-menni, jötun-menni, svola-menni, svaka-menni, hroða-menni; kjarkleysi, dugleysi bleyði-menni, rag-menni, heigul-menni, vesal-menni, ræfil-menni, rolu-menni, linju-menni, gufu-menni, dusil-menni, lítill-menni, löður-menni, smá-menni, dyndil-menni; innrætti lubba-menni, fúl-menni, ill-menni, hrak-menni, skít-menni, þræl-menni, var-menni, sora-menni, óþokka-menni, ó-menni; ofsi, hrottaskapur ofsa-menni, ofstopa-menni, hroða-menni, hrotta-menni, svaka-menni, svola-menni, rosa-menni, rudda-menni, svaða-menni, svaðil-menni, tudda-menni, ribbalda-menni, fauta-menni; mont, dramb sterti-menni; skáld-menni **3** vél-menni **4** aldur ung-menni, gamal-menni, virðuleiki öldur-menni **5** ætt-menni, skyld-menni **6** fá-menni, fjöl-menni, marg-menni
 ▶-mannlegur, mennska

Það liggur að sjálfsögðu beinast við að nota orðmyndunarhluta bókarinnar til athugunar á samsetningum einstakra flettiorða. En það má einnig hugsa sér að nýta einstaka flettiliði sem eins konar sameinanda á tilteknu orðasviði. Orðið *fjall* sameinar orð sem lúta að landslagi undir orðliðnum *fjalls*:

fjalls- fjalls-drag, fjalls-hryggur, fjalls-kambur, fjalls-múli, fjalls-rimi, fjalls-rani, fjalls-tunga, fjalls-nibba, fjalls-nípa, fjalls-gnípa, fjalls-hnjúkur, fjalls-hnúður, fjalls-hnúkur, fjalls-bunga, fjalls-kollur, fjalls-strýta, fjalls-tindur, fjalls-toppur; fjalls-kinn, fjalls-vangi, fjalls-öxl, fjalls-hlíð, fjalls-brekkja, fjalls-endi, fjalls-fótur, fjalls-horn, fjalls-hyrna, fjalls-brík, fjalls-brún, fjalls-egg, fjalls-rönd; fjalls-kriki, fjalls-kerk, fjalls-rauf; fjalls-rætur

Á áþekkan hátt dregur orðið *kuldi* að sér sitt sérstaka orðafar um veðurlag:

kulda- **1** kulda-veður, kulda-stormur, kulda-bál, kulda-garri, kulda-gjöla, kulda-gjóstur, kulda-gusa, kulda-gustur, kulda-hraglandi, kulda-hregg, kulda-hret, kulda-kast, kulda-nepja, kulda-næðingur, kulda-steyta, kulda-steytingur, kulda-strekkingur, kulda-strengur, kulda-stroka, kulda-súgur, kulda-þræsingur; kulda-þoka, kulda-móða; kulda-bakki, kulda-belti, kulda-blíka, kulda-bylgja; kulda-skeið;

kulda-tíð, kulda-kafli **2** kulda-tilfinning, kulda-skyn, kulda-hrollur, kulda-skjálfti, kulda-dofinn; kulda-bólga, kulda-bólgin, kulda-kröm, kulda-drep, kulda-pollur; kulda-blár, kulda-grár **3** kulda-húfa, kulda-jakki, kulda-úlpa, kulda-skór, kulda-stígvél **4** kulda-þolinn; kulda-kær **5** kulda-svipur, kulda-bros, kulda-glott, kulda-glettni, kulda-hlátur **6** um kulvísan mann kulda-kló, kulda-kroka, kulda-kreista, kulda-krækill, kulda-strá

5.1.6 Málshættir

Lýsingu allmargra flettiorða lýkur á málshætti sem hefur að geyma flettiorðið eða samsetningu með því. Málshættirnir eru auðkenndir með sérstöku hringlaga tákni.

þögn no kvk

það verður/varð (<löng>) þögn þegar skáldið hafði talað varð fyrst löng þögn
 það ríkir þögn <í húsinu>
 <hljóð í fugli> rýfur/rauf (<skyndilega>) þögn-ina
 það slær/sló þögn á <hópin>
 <tíminn hefur liðið; við sátum þarna saman> í þögn
 <segja loks eitthvað> eftir <langa> þögn
 ákvæði <löng; vandræðaleg, óþægileg, ónotaleg, þrúgandi, lamandi> þögn
 <alger, órofa> þögn
 þögn og þolinmæði
þagnar- þagnar-djúp, þagnar-hjúpur, þagnar-múr; þagnar-stund, þagnar-tími; þagnar-merki; þagnar-heit, þagnar-loforð, þagnar-skylda, þagnar-bindindi, þagnar-samsæri; þagnar-mál, þagnar-ljóð; þagnar-heimur, þagnar-tóm; þagnar-gildi; í þjóðtrú þagnar-gull
-þögn auðnar-þögn, eyði-þögn, fjalla-þögn, heida-þögn, öræfa-þögn; rökkur-þögn, nætur-þögn, vetrar-þögn; vandræða-þögn; andartaks-þögn; eilífðar-þögn; alger þ. dauða-þögn, grafar-þögn, hel-þögn, stein-þögn
 ☉ betri er þögn en óþörf ræða

Málshættirnir eru valdir með tilliti til þess að þeir hæfi sem best undanfarandi lýsingu flettiorðsins og skerpi merkingu þess. En þeir hafa jafnframt sitt sjálfstæða gildi og í sameiningu birta þeir fjölbreytilegt sýnishorn íslenskra málshátta.

5.2 Innskipan í lýsingu hugtaka

Innbyrðis skipan orða og orðasambanda undir hverju hugtaksheiti ræðst fyrst og fremst af merkingu sambandanna en auk þess er tekið tillit til ytri búnings og orðmyndunar svo að orðmyndunarlega samstæð sambönd fari sem mest saman innan þeirra marka sem merkingin leyfir. Víða eru orðasamböndin sjálf látin tala sínu máli án þess að vera studd frekari skýringum en þeim sem fólgna eru í hugtaksheitinu. En þar sem merkingarleg skil koma fram er markað fyrir þeim með stuttri skýringu. Fjöldi og fyrirferð slíkra skýringa ræðst af aðstæðum hverju sinni og merkingarflokkunin er misjafnlega margbrotin. Þar sem hún er margbrotnust koma fram þrjú stig skýringaratriða. Hvert stig hefur sitt sérstaka auðkenni, hringlaga merki sem greinast að á þann hátt að á efsta stigi er haft eitt merki, á öðru stigi eru tvö minni merki og á þriðja stigi eru merkin þrjú og hafa enn verið minnkuð.

Þessi skipan kemur fram í eftirfarandi sýnishorni með hluta af lýsingu hugtaksins AFHENDING (þar sem felld hefur verið úr lýsingunni er haft úrfellingarmerki):

AFHENDING

- afhenda (e-m) e-ð
afhenda <honum, henni> <bréfið, húsið, verðlaun>
fá <honum, henni> <bókina, lykklana>
láta <hann, hana> fá <bréfið, pakkann>
láta <hann, hana> hafa <fötin, töskuna>
láta <skjalið> laust (við <hann, hana>)
fá <honum, henni> <bókina, lykklana> í hendur
selja <honum, henni> <gripinn, féð> í hendur
færa <honum, henni> <bréf, gjöf, vistir>
...
- afhenda svo lítið ber á
lauma að <honum, henni> <miða, bréfi>
stinga að <honum, henni> <bréfmíða, nokkrum krónum>
gauka að <honum, henni> <smágjöf>
- felur í sér áframhald/endurtekningu
tína í <hann, hana> <föt, gjafir>
- afhenda réttum viðtakanda
koma <sendingunni, bréfinu> til skila
skila <honum, henni> <bókinni>
- afhenda e-m til frekari flutnings
biðja <hann, hana> fyrir <bréf, pakka> (til <foreldra sinna>)
koma á <hann, hana> <pakka>
koma <bréfinu> á framfæri
- felur í sér útdælingu/skómmtun
deila út <gjöfum, vistum> (til <fólksins>)
útdæila <mat, peningum> (<til/ meðal fólksins>)
útbýta <vistum, fatnaði> (<til/ meðal fólksins>)
skammta <fólkinu> <mat, vistir>
- til umráða/eignar
framselja <vöruna>
eftirláta <honum, henni> <bókina>
láta <húsið> falt við <hann, hana>
láta <eignina, jörðina> af hendi (við <hann, hana>)
- til tímabundinna umráða
lána <honum, henni> <bókina, bílinn, hestinn>
- fá um leið annað í staðinn
skipta á <gömlu vélinni> fyrir <nýja vél>
- afhenda í vald e-s
selja <hann, hana> landið í hendur <óvinunum>
ofurselja <land sitt> <óvinunum, illum öflum>
- fá e-ð afhent
fá <bréfið, pakkann>
fá <gögnin, lykklana> í hendur <honum, henni> berst/hefur borist <gjöf, bréf>
taka við <bréfinu, skeytinu; verðlaununum>
taka á móti <vörunni, sendingunni>
- formleg afhending
veita <skjalinu, verðlaununum> viðtöku
- felur í sér ferð til að fá e-ð afhent
sækja <bréfið> (<í póst, á bókasafnið>)
...

Skýringar í hugtakalýsingunni eru settar fram með til-
tölulega frjálssu sniði og eru notendur til leiðsagnar
og glöggvunar á orðafari hugtaksins en eiga ekki að
vitna um nákvæma merkingarflokkun.

6. Tegundir og staða orðasambanda

Orðabókarlýsingin tekur til ólíkra tegunda orðasam-
banda sem ekki er augljóst að geti átt samleið svo
vel fari. Að drjúgum hluta er um að ræða þá tegund
sem á íslensku hefur verið nefnd **orðastæða** (svarar

til *collocation* á ensku, *kollokation* á dönsku). Hug-
takið má lauslega skilgreina sem samband orða sem
mynda merkingarlega heild og koma iðulega fyrir
sem samstæða innan setningar. Oftast nær skiptist
orðastæða í tvo aðalliði þar sem annar er **kjarnaliður**
en hinn **stoðliður**. Nafnorð eru að vonum áberandi
sem kjarnaliðir. Í lýsingu orðsins *hlátur* hér á eftir
eru raktar orðastæður þar sem orðið *hlátur* gegnir
hlutverki kjarnaliðar en stoðliðirnir eru tengdir sögn
eða lýsingarorði. Kjarnaliður er sem sé sá hluti orða-
stæðunnar sem er nærtækari og gildari með tilliti til
hugtaks og merkingar. Því er eðlilegt að orðabókar-
notandi nýti sér kjarnaliðinn sem flettiorð til að sækja
vitneskju og yfirsýn um þá stoðliði sem til greina
koma. *Hlátur* er flestum nærtækt orð og hugtak og
líklegt er að mörgum komi vel að fá yfirsýn um notkun
þess í orðastæðum eins og *það kviknar hlátur*, *bresta í
hlátur* og *dillandi hlátur*.

hlátur no kk

geta ekki varist hlátri
það setur/setti að <honum, henni> (<mikinn,
óstöðvandi>) hlátur
reka upp hlátur
gera hlátur að <honum, henni; þessu>
hafa <hann, hana> að hlátri
það brýst/braust út hlátur (<í hópnum, við
borðið>)
það kviknar/kviknaði hlátur (<í hópnum, við
borðið>)
það kveður/kvað við hlátur (<í salnum>)
það iktir/ikti í <honum, henni> hláturinn
það ískrar/ískraði í <honum, henni> hláturinn
vera (alveg) að springa úr hlátri
vera (alveg) að deyja úr hlátri
vera (alveg) að rifna úr hlátri
bresta í hlátur
engjast sundur og saman af hlátri
veltast um af hlátri
(<reyna að>) kreista (upp) úr sér hlátur/hlát-
urinn
(<reyna að>) verjast hlátri
bæla niður hláturinn
kreista niðri í sér hláturinn
<mér> er (<ekki, síst>) hlátur í hug
<geta ekki komið upp orði> fyrir hlátri
ákvæði <hvellur; dimmur; kaldur, holur;
stórkaralegur, hrossalegur, tröllslegur> hlátur
<dillandi, smitandi> hlátur
niðurbældur hlátur
krampakendur hlátur
hlátur og fifflalæti

En þótt lýsingarorð og sagnir komi oft fram sem stoð-
liðir með nafnorðum birtast orð af þeim orðflokkum
einnig sem kjarnaliðir í orðastæðum. Lítum fyrst á
sögnina *brosa*:

brosa so

(no. brosa) *hvað er svona skemmtilegt, ég sá að þú
brostir*
brosa til <hans, hennar>
ákvæði brosa breitt
brosa út undir eyru/út að eyrum
brosa <blítt, blíðlega, góðlega, ástúðlega,
hlýlega, glaðlega, glettnislega, kankvislega>
brosa sínu blíðasta brosi
brosa <undirfurdulega, flirulega, fledulega,
smeðjulega>
brosa í kampinn
brosa út í annað munnvikið
brosa dauflega
brosa með sjálfum sér
brosa íbyggilega
brosa inn í sig

brosa í gegnum tárin
sem viðbrögð brosa við
brosa að <þessu; honum, henni> *ég gat ekki
annað en brosað að honum þegar hann reigði
sig í ræðustólnum*
<gæfan, lífið> brosir við/á móti <honum,
henni> *á svona björtum og fallegum degi brosir
lífið við manni*

Hér er getið um allmarga stoðliði, sumir standa einir með sögninni en aðrir eru sameinaðir innan oddklofa.

Sem dæmi um fjölbreytni í stoðliðum með lýsingarorði má taka orðið *reiður*:

reiður lo
(no. reiði) vera/verða (<illa, ofsalega>) reiður
vera/verða reiður út í/við <hann, hana>
gera <hann, hana> reiðan/reiða
vera <honum, henni> reiður
verða reiður <orðum hans>
vera/verða reiður út af/yfir <þessu> *hann hefur
orðið reiður út af því að ég skyldi ekki biðja
hann um leyfi*
bregðast reiður við
uppgærd gera sig reiðan
standast ekki reiðari en <S> *hann stenst ekki
reiðari en þegar hann er sagður kjarklaus
ákvæði* vera <ofsalega, ógurlega, fjúkandi,
óskrandi, hoppandi> reiður
vera gramur og reiður
vera reiður og argur

Eins og þessi dæmi sýna hafa orðin *brosa* og *reiður* skýrt flettigildi gagnvart ákvæðum sínum. Að þessu leyti geta sagnir og lýsingarorð haft sambærilegt flettigildi og nafnorð en að öðru leyti hefur setningarleg lýsing þessara orðflokka sín sérstöku einkenni eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Ljóst er af því sem hér hefur verið rakið að orðastæður eru mest áberandi undir orðaflettum og koma þá jafnan skýrast fram undir kjarnaliðnum. En þær er einnig að finna undir hugtakaflettum, þar sem þær standa í skýrum merkingartengslum við hugtakshæitið.

Meðal orðasambanda er talsvert um sambönd sem nefna má **orðapör** og greinast frá orðastæðum af því tagi sem lýst var hér á undan að því leyti að liðirnir eru hliðskipaðir og tengjast jafnan með samtengingunni og en stöku sinnum með *eða*. Sem dæmi um slík orðapör má nefna *undur og kraftaverk, holt og hæðir, líf og fjör, heill og sannur, stór og sterkur, faðmast og kyssast, orga og hrína*. Þeim er yfirleitt skipað aftan við orðastæður í setningarlýsingu orðsins, sbr. lýsingu orðsins *reiður* hér á undan. Þessa tegund orðasambanda er aðeins að finna undir orðaflettum.

Undir hugtakaflettum takmarkast val orðasambanda ekki af formlegum tengslum við flettiorðið heldur ræðst það af merkingartengslunum einum. Við þær aðstæður láta orðtök sérstaklega að sér kveða meðal orðasambanda en þau eiga á hinn bóginn síður heima undir orðaflettum þar sem merking sambandsins í heild er myndhverf og stenst illa á við merkingu einstakra orða sem það er myndað úr. Eftirfarandi bútur úr lýsingu hugtaksins FRAMTAKSSEMI sýnir vel þetta einkenni:

•• frumkvæði að/upp haf starfsemi
gangast fyrir <söfnun, samkomu>

brydda upp á <ýmsum nýjungum>
brydda á <ýmissi nýbreytni>
drífa upp <leiksýningu>
koma á <reglulegum fundum>
setja á laggirnar <fyrirtæki>
koma <fyrirtækinu> á laggirnar
setja á stofn <verkstæði, verslun>
koma á stofn <skóla>
setja á fót <fyrirtæki>
koma á fót <fyrirtæki, nýrri starfsemi>
koma <fyrirtækinu> á stúfana
(<reyna að>) koma fótunum undir <fyrirtækið>
koma <starfsemi> í gang
(<reyna að>) koma <tímaritinu> á gang
hrinda <fyrirtækinu> af stað
hrinda <félaginu> úr vör
ýta <starfsemi> úr vör
hleypa <fyrirtækinu> af stokkunum
starta <fyrirtæki>
stofna <félag, kór>
stofnsetja <sjóð>

Önnur tegund orðasambanda sem setur sterkan svip á hugtakalýsinguna er sú sem hér verður nefnd bein ummæli. Oft er um að ræða föst orðasambönd sem láta í ljós afstöðu mælandans til þess sem rætt er um:

ekki nema það þó
það er ekki að spyrja að því
hvað er þetta

Mörg slík ummæli hefjast á fornafnsmyndinni *þetta*:

þetta er aðdúanarvert
þetta endar með ósköpum
þetta er (<alveg>) dottið úr mér
þetta má einu gilda

Fornafnsmyndir 1. og 2. persónu eru einnig áberandi:

ég á ekkert vantalað við <hann, hana>
ég skil fyrr en skellur í tönnum
mér er um og ó
þú átt bágt (að <vera svona einn>)
þú hefur lög að mæla

Sum ummælin eru jafnframt sjálfstæðir málshættir:

allt er hey í harðindum
ekki dugir ófreistað
hver hefur sinn djöful að draga

Þá hafa mörg orðasambönd með gervifrumlaginu *það* yfirbragð beinna ummæla:

það er allt í voða
það er (enn) langt í land
það gengur allt á afturfótunum

Loks er að nefna stök orð sem gegna sams konar hlutverki:

auðvitað
einmitt
hægan
vitanlega

Hugtakaflettur hafa aðra stöðu en orðaflettur þegar um er að ræða atviksorð og atviksliði. Eins og áður var getið eru atviksorð ekki tilgreind sem flettur svo að þau koma fyrst og fremst fram sem ákvæði (stoðliðir) undir öðrum flettiorðum, einkum í lýsingu sagna og lýsingarorða. Þau eru þá oft sameinuð í breytlið og koma þar með ekki fram sem lykilorð í orða- og orða-

sambandaskránni. Undir hugtakaheitum hafa atviks-orð og atviksliðir hins vegar sjálfstæðari stöðu, standa utan breytliða og fá þar með inni í orða- og orðasambandaskránni. Sem dæmi um þetta má bregða upp búið úr lýsingu hugtaksins FORTÍÐ:

- fjarlæg fortíð
- <hér var sjávarbotn> í árdaga
- <Íslendingar voru flestir heiðnir> í öndverðu
- <hér var þingstaður> til forna
- <hér var bænhús> að fornu
- <héðan var mikil sjósókn> í fyrndinni
- <lögin voru samin> endur fyrir löngu
- <hér lá vegur> forðum
- <hér var margt í heimili> forðum daga
- <hann var vinsælt skáld> forðum tíð
- <þetta þótti góður kveðskapur> áður fyrr
- <þetta þóttu góð húskynni> fyrr á tímum
- <þau þekktust> fyrrum
- <þetta átti sér stað> fyrir mitt minni
- <við vorum ágætir kunningjar> einu sinni
- <þarna var prestssetur> fyrir eina tíð
- <þetta þótti sjálfsgagt> eina tíð
- sú var tíðin að <þar var fjórbyli>
- <hér voru haldnir dansleikir> á árum áður
- <margt var öðruvísi> fyrr á árum
- <þetta var vinsælt lag> hér á árunum
- <þetta þótti fint; við þekktumst> í gamla daga
- <þetta var vinsælt lag> á sínum tíma
- <hann var þekkt skáld> á sinni tíð
- <þeir voru ágætir vinir> (hér) fyrr meir
- <þau fluttust héðan> fyrir löngu
- <hann hætti að drekka> fyrir lifandi löngu
- <ég fékk bréf frá henni> fyrir margt löngu

Til frekari glöggvunar á eðlismun orða- og hugtaka-lýsingar má bera saman tvær samyrtar flettur:

minni no hvk

- 1 hafa <gott; lélegt> minni
- <honum, henni> (<er farið að>) förlast minni
- leggja <þetta; þessi orð, kvæðið, tölurnar>
- á minnið
- <mig> rekur (ekki) minni til þess að <NH/S>
- mig rekur minni til þess að afi minn talaði um*
- forna byggð á þessum slóðum*
- festa sér <orð hans, ummælin, þessar ráðleggingar> í minni
- <mér> festist <þetta; atburðurinn> í minni
- <þessi atburður> grópast/grópaðist í minni
- <mitt>
- <mér> er <þetta; atburðurinn; hann, hún>
- (enn) í (fersku/ljósu) minni
- <mér> líður <þetta; þessi atburður, þessi dagur>
- <ekki, seint, aldrei> úr minni
- <mér> hverfur <þetta; þessi atburður, þessi dagur>
- <ekki, seint, aldrei> úr minni
- <þetta afmæli> er (enn) í minnum haft *það er enn í minnum haft hvað hún gat sungið fallega*
- <svo mikill snjór hefur ekki sést> í manna minnum *hér hefur ekki verið haldin messa í manna minnum*
- <þetta var, þetta átti sér stað> fyrir <mitt>
- minni
- ákvæði** (<hafa>) <gott, traust, trútt; lélegt, ótraust, glöppótt> minni
- 2 flytja minni <hans, hennar; ættjarðarinnar, sveitarinnar>
- drekka minni <hans, hennar; ættjarðarinnar, sveitarinnar>
- mæla fyrir minni <hans, hennar>

MINNI

- leggja <tölurnar, ártalið> á minnið
- leggja <orð hans> á hjarta
- (<það er mikilvægt að>) setja <leiðbeiningarnar> á sig
- geyma <þessi orð> (<í huga sér>)
- festa sér <þessar ráðleggingar> í minni
- (<lofa að>) hugfesta (<sér>) <þetta, orð hans>

- (<það er rétt að>) hafa <þetta> hugfast
- setja sér að muna síðar
- (<ég skal>) stinga <þessu> á bak við eyrað
- skrifa <þetta> á bak við eyrað
- skrifa <þetta> í heilabókina
- hafa gott minni
- vera minnugur (á <vísur, tölur>)
- vera langminnugur
- vera minnisgóður
- hafa <gott> minni
- vera geyminn á <gamlar sögur>

Lýsing orðsins snýst um flettiorðið sjálf, sem getur komið fram í ólíkum merkingarbrigðum. Í lýsingu hugtaksins eru orðasamböndin óháð formi flettunnar og merking þeirra er samstæð.

7. Framsetning og efnispættir

Orða- og hugtakalýsingin er í veigamiklum atriðum sett fram á samræmdan hátt. Hér á eftir verður gerð grein fyrir því helsta sem þar er um að ræða, sérstaklega að því er varðar framsetningu orðasambanda, og í framhaldi af því dregið á nokkra helstu efnispætti í lýsingu einstakra orðflokka.

7.1 Breytliðir og fulltrúar

Þótt mörg orð eigi sér býsna föst fylgdarorð í setningarlegru samhengi og þá liggi beint við að tilgreina stök orðasambönd með föstum liðum er algengt að dæmigerð orðanotkun einkennist af fjölbreytni og breytileika þeirra liða sem orðin standa með. Til að endurspegla þá orðanotkun eru laustengdari og breytilegir liðir innan orðasambanda afmarkaðir með oddklofum. Liður sem afmarkast með oddklofum er hér nefndur **breytliður**. Þar sem breytliður sameinar tvö eða fleiri samkynta orð eða sambönd er greint á milli þeirra með kommu eða semíkommu:

stilla so

- 1 (<reyna að>) stilla <skap sitt, reiði sína; hungrið, þorstann>
- (<reyna að>) stilla sig *stilltu þig nú, við skulum ræða þetta í rólegheitum*
- (<reyna að>) stilla til friðar
- 2 stilla <afli sínu; orðum sínum> *við skulum stilla orðum okkar svo að enginn móðgist*
- (no. hófstilling) stilla <eyðslunni, drykkjunni; kröfunum, verðinu> í hóf

Þessi framsetning gegnir öðrum þræði því hlutverki að þjappa lýsingunni saman og stilla saman samkynta orðum. Því er víða matsatriði hvort fremur eigi að birta stök orðasambönd án breytliðar eða sameina afbrigðin í einu orðasambandi með breytliði.

Notkun breytliða er til þess fallin að færa orðasamböndin sem næst eiginlegri málnotkun og gera þau sem líkust beinum notkunardæmum. Fornafn 3. persónu (*hann, hún*) er algengur fulltrúi í slíkum liðum í sama hlutverki og óákveðna fornafrnið *einhver* hefur gjarna haft í orðabókarlýsingu:

ADSTOÐ

- veita aðstoð
- aðstoða <hann, hana> (við <verkið>)
- veita <honum, henni> aðstoð
- hjálpa <honum, henni>

koma til liðs við <hann, hana>
 leggja <honum, henni> lið
 veita <honum, henni> lið
 (<vilja>) koma (<honum, henni>) að liði
 (<vilja>) verða (<honum, henni>) að liði
 vera <honum, henni> innan handar
 rétta <honum, henni> hönd
 rétta <honum, henni> hjálparhönd

Til að hafa hlutdeild kynjanna sem jafnasta eru oftast nær hafðar breytilegar myndir fornafnsins eins og í undanfarandi dæmum.

Persónufornöfn eru þó ekki allsráðandi í samböndum með persónuvísandi breytlið, fulltrúinn getur einnig verið nafnorð:

- upphaf áfloga
- fljúga á <manninn>
- rjúka á <manninn>
- <mennirnir> rjúka/ruku saman
- stökkva á <manninn>
- <strákarnir> stökkva/stukku saman
- fara á <manninn>
- <strákarnir> fara/fóru saman
- <strákarnir> hlaupa/hlupu saman
- <strákarnir> hlaupast/hlupust á
- fara í handalögmál við <lögregluna>
- <strákarnir> fara/fóru í handalögmál
- <mennirnir> láta/létu hendur skipta

Fyrir kemur að hinn fasti hluti orðasambandsins klýfur breytliðinn í tvo hluta og er þá markað fyrir því með úrfellingarpunktum við oddklofana:

<koma...> venjulega <...gangandi>
 <vinna...> markvisst <...að málinu>

7.2 Frumlagsbundin og frumlagslaus sambönd

Mikilvægt er að notendur orðabókarinnar átti sig á hlutverki og stöðu breytliða í orðasamböndum, einkum með tilliti til orða- og orðasambandaskrárinnar, þar sem þeir hafa sérstakt röðunargildi (sbr. 8. kafla). Aðalatriðið í því sambandi er sá greinar munur sem gerður er á frumlagsbundnum og frumlagslausum samböndum.

Þegar orðasamband tekur með sér persónuvísandi frumlag í nefnifalli er meginreglan sú að frumlagsliðurinn er ótilgreindur og sögnin stendur í nafnhætti:

bátur no kk
 hlaða bátinn
 ferma bátinn
 lesta bátinn
 sjósetja bátinn
 setja bát á flot
 skjóta báti á flot
 hrinda báti á flot
 ýta báti á flot
 setja fram bát
 hrinda fram bát
 skjóta fram bát
 hrinda bát úr vör
 skjóta út bát

Þetta á þó ekki við þegar sambandið er bundið fleirtölu, en þá kemur fleirtalan fram í breytliðnum, oftast í fleirtölu myndum fornafns 3. persónu:

HANDTAK/HANDABAND
 rétta <honum, henni> höndina
 taka í höndina á <honum, henni>

<þeir, þær, þau> takast/tókust í hendur
 <þeir, þær, þau> taka/tóku saman höndum
 þrýsta hönd <hans, hennar>
 halda í hönd <hans, hennar>
 halda í höndina á <honum, henni>
 <þeir, þær, þau> haldast/héldust í hendur
 leiða <hann, hana>
 leiða <hann, hana> við hönd sér
 <þeir, þær, þau> leiðast/leiddust (<niður götuna>)
 <börnin> leiðast/leiddust hönd í hönd

Þegar orðasamband er sett fram sem bein ummæli (slík sambönd er einkum að finna undir hugtakaflettum) kemur frumlagið fram í mynd persónufornafns, óafmarkað þegar 1. og 2. persóna á í hlut en innan breytliðar ef um 3. persónu er að ræða:

ég á ekkert vantalað við <hann, hana>
 ég skil fyrr en skellur í tönnum
 þú hefur lög að mæla
 <hann, hún> er enginn engill
 <hann, hún> getur ekki leyft sér að <tala svona>

Annars er persónuvísandi frumlag í nefnifalli alltaf ótilgreint. Þegar um ópersónulegt persónuvísandi frumlag í aukafalli er að ræða er frumlagið hins vegar tilgreint, oftast nær með fornafnsmyndum 3. persónu:

<hann, hana> dreymir um <betra líf>
 <honum, henni> liggur á
 <þeim> ber ekki saman (um <þetta>)

Hér sem annars staðar standa fornöfn 1. og 2. persónu óafmörkuð þegar um er að ræða bein ummæli (undir hugtakaflettum):

mig sækir svefn
 mér er ekki rótt
 þér kemur þetta ekki við

Þegar orðasamband tekur með sér frumlag sem vísar til hluta og fyrirbæra er frumlagið ævinlega tilgreint:

<myndin> fer <illa>
 <námið> gengur fyrir

7.3 Valfrjálsir liðir og tilbrigði

Valfrjálsir liðir innan orðasambanda eru afmarkaðir með svigum:

gæta varúðar (í <viðskiptum við hann>)
 vera (orðinn) aldraður
 hafa (<mikið>) ástriki af <föður sínum>
 vera (allur) blóðrisa
 (<reyna að>) fá botn í <þetta; málið>

Slíkir liðir gegna einkum því hlutverki að skerpa notkunareinkenni orðasambandanna og draga fram blæbrigði í orðanotkun.

Ýmis minni háttar tilbrigði orða innan orðasambanda eru aðgreind með skástriki:

léttu af <honum, henni> byrðinni/byrðunum
 <halda á fuglinum, fela hringinn> í lófa sér/
 lófanum

Aðgreining tilbrigða með skástriki er sérstaklega áberandi þegar um er að ræða breytilega tíð og horf sagna, sem víða er brugðið upp:

BATNAÐUR
 <ástandið, staðan> batnar/hefur batnað

<ástandið, staðan> breytist/hefur breyst til hins betra
 <ástandið, veðrið> breytist/hefur breyst til batnaðar
 það rætist/hefur ræst úr (<þessu; erfiðleikum-um>)
 það rætist/hefur ræst úr fyrir <honum, henni>
 það greiðist/greiddist úr <þessu; vandanum>
 <samgöngurnar> eru komnar í samt lag
 <ástandið> er komið í <eðlilegt> horf
 <fyrirtækið> réttir/er farið að rétta við
 <fyrirtækið> réttir/hefur rétt úr kútnum
 <þetta> jafnast (<fljótt; af sjálfu sér>)
 öll él birtir upp um síðir
 ● þróun til batnaðar
 <reksturinn> sýnir/er farinn að sýna batamerki
 <markaðurinn, salan> tekur/hefur tekið við sér
 það rofar/er (farið) að rofa til (<í atvinnu- lífinu>)
 <ástandið> fer batnandi
 <ástandið> (hefur) lagast
 <ástandið> skánar/hefur skánað

Með því að kalla fram þátíð og lokið horf eru orðasamböndin færð nær eiginlegum aðstæðum tjáningar og orðaskipta. Þegar um er að ræða sagnir með dvalarmerkingu má draga fram ólokið horf með því að bæta *vera* að framan við.

Þegar nútíðar- og þátíðarmynd sagnar standa saman er þátíðarmyndin (aftari myndin) látin ráða tíðar- notkun í aftari hluta orðasambandsins. Það er hins vegar fremri myndin (nútíðarmyndin) sem ræður því hvaða stöðu sambandið fær í orða- og orðasambands- skránni (og aftara tilbrigðið er hlutlaust gagnvart röðun orðasambandanna, sbr. 8. kafla).

Fyrir kemur að þátíðarmyndin er látin standa ein, þar sem notkun nútíðar samræmist illa eðlilegri mál- notkun:

svo fór að <leyfið var veitt>
 leikar fóru þannig að <engum var hleypt inn>

7.4 Tákn og skammstafanir

Áhersla er lögð á að hafa sem allra minnst af táknum og skammstöfunum í orðabókartextanum. Einna mest ber á kunnuglegum skammstöfunum orðflokka. Liðir í orðasamböndum sem nema heilum setningum eiga sér þó sérstök tákn, S fyrir aukasetningu þar sem sögnin er í persónuhætti og NH fyrir setningarlið þar sem sögnin er í nafnhætti:

hugsun no kvk
hugsunin um það sem beið okkar vék ekki úr
huga mér
 geta ekki hugsað heila hugsun
 (vera að) gæla við þá hugsun að <NH/S> á tíma- bili mun hún hafa gælt við þá hugsun að fara í tónlistarnám
 sú hugsun er að brjótast í <mér> að <S> sú hugsun er að brjótast í mér að við ættum að taka okkur ærlegt frí
 geta ekki varist þeirri hugsun að <S> ég gat ekki varist þeirri hugsun að hún hefði samið ræðuna fyrir hann
 þeirri hugsun lýstur/laust niður í <mig> að <S> þeirri hugsun laust allt í einu niður í mig að eitthvað hefði komið fyrir og ég ætti að flyta mér heim

hægt lo hvk
 1 hafa hægt um sig við skulum hafa hægt um okkur svo við verðum ekki rekin út

2 möguleiki, geta það er (ekki) hægt að <NH> það er hægt að nota prikið sem staf; það er ekki hægt að ætlast til þess að hún komi alveg í hveli
 eiga hægt með að <NH> ég á ekki hægt með að fara að heiman eins og á stendur
 eiga ekki hægt um vik (að <NH>) kemurðu á fundinn? – ég á nú ekki hægt um vik, ég er billaus

Í samsetningarunum eru samsetningar sums stað- ar flokkaðar eftir orðflokki og eru þá hafðar hefð- bundnar skammstafanir orðflokka, NO. fyrir nafnorð, LO. fyrir lýsingarorð, SO. fyrir sagnir og AO. fyrir atviksorð.

alls- forl

1 NO. alls-nægtir, alls-nægð; alls-leysi, alls-leys- ingi 2 LO. alls-gáður; alls-ráðandi, alls-valdandi, alls-varðandi; alls-laus, alls-þurfi, alls-vana; alls- konar, alls-kyns; áhersla alls-ber, alls-nakinn, alls-vesall, alls-ófar 3 AO. alls-hugar, alls-kostar, alls-staðar 4 alls-herjar-

Í skýringum undir hugtakaflettum eru myndir for- nafnsins *einhver* skammstafaðar á venjubundinn hátt að öðru leyti en því að gerður er greinarmunur á nefni- falli og þolfalli eintölu (e-að á við nefnifallið, e-ð um þolfallið) og á eignarfallsmyndum eftir því hvort vísað er til persónu (e-s) eða hluta og fyrirbæra (e-rs):

MINNKUN

● minnka e-ð
 minnka <rýmið; neysluna>
 smækka <myndina>
 draga af <verðinu, kaupinu>
 lækka <launin, verðið>
 grynna á <skuldunum>
 skerða <fjárveitinguna>
 skera niður <útgjöldin, fjárveitinguna>
 skera <fjárveitinguna> niður við trog
 draga <starfseminna> saman
 ● áhrif til minnkunar
 <verðhækkunin> dregur úr <eftirspurninni>
 <verðlækkunin> rýrir <tekjurnar>
 ● e-að minnkar
 <jökullinn; aflinn> minnkar (<ár frá ári>)
 <belgurinn; salan> skreppur/hefur skroppið saman

ÞROSKI

...
 ● með tilliti til e-rs
 vera vaxinn frá <þessum skoðunum>
 <þetta; heimtufrekjan> eldist/hefur elst af <honum, henni>
 vera upp úr því vaxinn að <trúa svona áróðri>
 ● auka/eykur þroska e-s
 (<reyna að>) koma <honum, henni> til þroska (<reyna að>) gera <hann> að manni (<það tókst að>) gera mann úr <honum> (<reyna að>) koma <drengrum> til manns

7.5 Efnisþættir í lýsingu nafnorða

Staða nafnorða í orðasamböndum er afar mismun- andi og því getur ekki verið um að ræða samræmt snið á lýsingu þeirra. Tilteknum atriðum sem birtast mjög víða er þó skipað á samræmdan hátt svo að ganga megi að þeim vísam á tilteknum stað innan lýsingarinnar.

Sé ástæða til að gera grein fyrir notkun forsetninga sem fylgja nafnorði eru því gerð meginskil fremst í lýsingunni (eða fremst í tölulið). Notkun orðsins í at-

vikslið (þar sem forsetning stýrir gjarna fallinu á því) er rakin aftan við þau orðasambönd þar sem orðið er meginliður (frumlag eða andlag). Þar aftan við er skipað samböndum sem birta lýsingarorðsákvæði sem nafnorðið tekur gjarna með sér (yfirleitt auðkennt með ábendingunni ákvæði). Þetta kemur allt fram í lýsingu orðsins *á hugi*:

á hugi no kk

(það er) (<mikill, almennur>) á hugi á <þessu; málinu, verkinu, starfsemi, sýningunni>
það er almennur á hugi á íþróttum í skólanum
 (það er) (<mikill, almennur>) á hugi fyrir <þessu; málinu, verkinu, starfsemi, sýningunni>
 vekja áhuga <hans, hennar> á <málinu> *henni er einkar lagið að vekja áhuga nemenda sinna á náminu*
 kveikja áhuga <hans, hennar> á <málinu>
 glæða áhuga <hans, hennar> á <málinu>
ég held að þessar sögur ömmu minnar hafi kveikt áhuga minn á bókmenntum
 áhuginn vaknar
 fá áhuga á <málinu>
 beina áhuganum/áhuga sínum að <þessu; félagsmálum>
 áhugi <hans, hennar>/áhuginn beinist að <þessu; íþróttum>
 hafa áhuga á <þessu; bókmenntum, útivist>
ég hef lengi haft áhuga á íþróttum; fyrirtækið hefur áhuga á því að reisa nýja verksmiðju á Íslandi
 vera fullur áhuga (á <þessu>)
 áhuginn eykst
 áhuginn fer vaxandi
 áhuginn minnkar
 áhuginn dvínar
 áhuginn dofna
 <þetta> dregur/hefur dregið úr áhuga <hans, hennar> á <málinu>
 drepa niður áhugann/allan áhuga (á <vinnunni>) *hann dreypur niður allan áhuga hjá starfsfólkinu með stöðugri afskiptasemi*
 það dregur úr áhuganum
 missa áhugann (á <málinu>)
 vera gersneyddur áhuga á <íþróttum, listum, bókmenntum>
 <sinna starfinu, fylgjast með keppninni> af áhuga
 ákvæði <mikill, brennandi, eldlegur, eldheitur, ódrepani, vakandi, lifandi; vaxandi> áhugi
 <lítill; minnkandi, dvínandi, þverrandi> áhugi

Annars er innbyrðis röð orðasambanda látin ráðast sem mest af því hvernig þau skipa sér gagnvart ferli eða framvindu sem birst getur í notkun orðsins, þ.e. reynt er að fylgja eins konar röklegri efnisskipan eftir því sem færi gefst. Dæmi um þetta má sjá í lýsingu orðsins *fangelsi*:

fangelsi no hvk

dæma <hann, hana> í fangelsi
 setja <hann, hana> í fangelsi
 hneppa <hann, hana> í fangelsi
 varpa <honum, henni> í fangelsi
 stinga <honum, henni> í fangelsi
 (<verða að>) fara í fangelsi
 lenda í fangelsi
 sitja (<lengi, árum saman, til æviloka>) í fangelsi
 (<verða að>) dúsa (<árum saman>) í fangelsi
 <vinna að ritstörfum; veslast upp> í fangelsinu
 brjótast út úr fangelsinu
 (<reyna að>) strjúka úr fangelsinu
 (<reyna að>) flýja úr fangelsinu
 láta <hann, hana> lausan/lausu úr fangelsi

leysa <hann, hana> úr fangelsi
 losna úr fangelsi(nu)
 vera laus úr fangelsi
 sleppa úr fangelsi
 ákvæði <traust, rammbýgg, rammgert> fangelsi
 ævilangt fangelsi

Slík efnisskipan á vel við þegar um samstæða merkingu er að ræða. Þegar merkingin er margbreytileg og orðasambönd tengjast fleiri en einu afbrigði eru megin skilin í lýsingunni að jafnaði merkingarleg og þá studd ábendingum eftir atvikum:

liður no kk

1 á líkamanum fara úr liði
 ganga úr liði
 kippa í liðinn
 setja í liðinn
 hræra hvorki legg né lið
 = koma í lag (<reyna að>) kippa <þessu; málinu> í liðinn
 (<reyna að>) koma <þessu; málinu> í liðinn
2 = bylgja liður á <nefi, stöngli, slöngu>
 liður í hári
3 þáttur, atriði, hlekkur (þetta er) liður í <aðgerðunum, baráttunni> *þetta er aðeins einn liður í miklu viðtækari aðgerðum*
 skipta <greinargerðinni, kröfunum> í (<nokkra, marga>) liði
 <skýrslan er; telja þetta upp> í <nokkrum, mörgum> liðum
 <rekja málið, hrekja röksemdirnar, telja þetta upp> lið fyrir lið
 ákvæði <mikilvægur, gildur> liður
4 ættliður <þau eru skyld> í <þriðja> lið
 <þetta hefur fylgt ættinni> í <marga> liði

7.6 Efnisþættir í lýsingu lýsingarorða

Meðferð lýsingarorða einkennist af þeirri aðgreiningu að notkun þeirra með kynbundnum nafnlið er lýst undir karlkynsmyndum, en þegar vísað er til setningar er lýsingin undir hvorugkynsmynd:

ljóst lo hvk

1 birta það er (<orðið, enn>) (<sauð-, grip-, mark-, rat-, veg-, gang-, verk->) ljóst
 það er (orðið) ljóst af degi
2 það er (alveg) ljóst að <S> *það er alveg ljóst að þessi aðferð dugir ekki lengur*
 <þetta> er deginum ljósara
 skilningur <mér> er <þetta> ljóst mér er ljóst að *þetta þykir ekki fullnægjandi svar*

Hér ber meira á stökum orðasamböndum og notkunardæmum en í öðrum orðflokkum. Gagnvart kynbundnum nafnlið eru megin skilin í lýsingunni gjarna á milli persónubundinnar vísunar annars vegar og vísunar til hluta og fyrirbæra hins vegar:

kunnur lo

1 vera kunnur (<á Íslandi; meðal fræðimanna>)
 vera kunnur <vísindamaður, íþróttamaður>
 vera kunnur að <þessu; vandvirkni, listfengi>
 vera kunnur fyrir <verk sín, starf sitt>
 vera (<öllum>) að góðu kunnur
2 verk þessa málara eru lítt kunn á Íslandi
 það er kunnara en frá þurfi að segja að <S> *það er kunnara en frá þurfi að segja að það er fátt gamalla húsa varðveitt á Íslandi*

Lýsingin getur tekið til sams konar atriða og framkoma í lýsingu nafnorða:

reiður lo

(no. reiði) vera/verða (<illa, ofsalega>) reiður
 vera/verða reiður út í/við <hann, hana>
 gera <hann, hana> reiðan/reiða
 vera <honum, henni> reiður
 verða reiður <orðum hans>
 vera/verða reiður út af/yfir <þessu> *hann hefur
 orðið reiður út af því að ég skyldi ekki biðja
 hann um leyfi*
 bregðast reiður við
 uppgærd gera sig reiðan
 standast ekki reiðari en <S> *hann stenst ekki
 reiðari en þegar hann er sagður kjarklaus*
 ákvæði vera <ofsalega, ógurlega, fjúkandi,
 öskrandi, hoppandi> reiður
 vera gramur og reiður
 vera reiður og argur

Hér er einkum dvalið við notkun forsetninga og ákvæði með lýsingarorðinu. Í því sambandi er rétt að taka fram að ákvæði með lýsingarorðum eru ekki auðkennd jafn reglulega með ábendingu og í lýsingu nafnorða heldur er þeim meira fléttað inn í orðasambönd af öðru tagi.

7.7 Efnispættir í lýsingu sagna

Í lýsingu sagna kemur fram skýrari sundurgreining en í öðrum orðflokkum enda liggur beinast við þar að notendur gæti að tilteknu setningarumhverfi.

Setningarleg staða sagna gagnvart öðrum setningarliðum (t.d. frumlagi og andlagi) er látin birtast sem mest í orðasamböndunum sjálfum og notkunar-dæmum sem brugðið er upp. Notendur geta glöggvað sig á fallanotkun út frá einstökum orðum sem fram koma í breytliðum:

synja so

(no. synjun) synja <beiðni hans, umsókninni, erindinu> (<afdráttarlaust>)
 synja <honum, henni> um <gistingu>
 synja <honum, henni> <þess; bóningarinnar>

Tengsl sagnar við heilar setningar eru sýnd með viðeigandi mynd ábendingarfornafns (*þetta* og *það*) innan breytliðar og táknum S og NH:

telja + á

förtölur telja <hann, hana> á að <NH> *ég vil fá hana með okkur, geturðu ekki talið hana á að koma*

telja + eftir

(no. eftirtölur) telja <þetta> (ekki) eftir (sér) *ég tel það ekki eftir mér að fara þetta gangandi, jafnvel í slæmu veðri*

grípa + til

1 grípa til <pennans, sverðs síns, vopna> *lög-reglan þurfti að grípa til vopna til að skakka leikinn*

2 úrræði grípa til <þess; þess ráðs, þess óyndisúr-ræðis> *við grípum til þess ráðs að kasta öllum farminum útbyrðis*
 (<verða að>) grípa til örþrifaráða

Rétt er að taka fram að sú framsetning sem hér er lýst gildir almennt um orðasambönd, hvort sem fletti-orðið sem þau eiga við er sögn eða ekki.

Í lýsingu sagna ber mikið á ýmsum atviksliðum (forsetningarliðum og atviksorðum) sem standa sem ákvæði með sögninni. Það fer eftir aðstæðum að hvaða leyti slíkir liðir eru bundnir saman í breyti-

lið, hafðir einir í breytlið eða birtir með sögninni í stökum orðasamböndum. Fyrirferðarmiklar sagnir geta sýnt mikla fjölbreytni að þessu leyti eins og fram kemur í upphafi lýsingar sagnarinnar *fara*:

fara so

1a stefna fara <út, burt, að heiman, (aftur) heim, til baka, inn; af stað; frá henni, til hans>
 fara <rakleitt, rakleiðis, beina leið, beinustu leið> <heim>
 fara <(beint) áfram, aftur á bak, til hægri/vinstri, í austur/vestur/norður/suður>
 fara <upp, niður, fram, inn, út> eftir
 fara <niður á bryggju, upp á fjall, inn í skóg, út í eyjar>
1b hraði, ákefð fara <hratt, geyst, hart, í loftköstum, sem kólfi væri skotið, í hendingskasti, eins og pila, mikinn>
hæg ferð fara <hægt; fetið, fót fyrir fót>

Áhersluákvæði með sögnum eru fremur sjaldan tilgreind sem ein heild heldur oftast samofin öðrum þáttum. Þó kemur fyrir að slíkt ákvæði eru afmörkuð sérstaklega og auðkennd með ábendingunni ákvæði:

hlæja so

1a (no. hlátur) gleði *hún var alltaf svo fjörug og skemmtileg – það var svo gaman þegar hún hló*
 ákvæði hlæja <dátt, glaðlega, af hjartans lyst, innilega; stórkaralega, hrossahlátri, hrossahlátur, hrossalega, tröllahlátri, tröllahlátur, tröllslega; sig máttlausan>

Í lýsingu sagna er víða höfð ábending um samstofna nafnorð og lýsingarorð sem leitt er af sögninni eða sagnarsambandi með henni. Orðmyndunarlegar ábendingar af þessu tagi eru hafðar í svigum:

ganga + að

(lo. aðgengilegur) ganga að <þessu; tilboðinu, kröfum hans> (<þegar í stað; skilyrðislaust, með vissum skilyrðum>)

ganga + af

(no. afgangur) það gengur <hálfur metri> af *spýtan nógu löng? – já, það ganga 10 sm af*

ganga + aftur

(no. afturganga) ganga aftur *sagan segir að djákninn hafi gengið aftur og ástótt Guðrúnu*

ganga + á

1 það gengur <mikið> á (fyrir <honum, henni>) *það gengur stundum mikið á þegar allir krakkarnir koma í heimsókn; hvað gengur eiginlega á fyrir ykkur; krakkar?*

2 (no. ágengni, lo. ágengur) ganga á <hann, hana> *fyrst vildi hann ekkert segja en þegar ég gekk á hann sagði hann mér alla söguna*

8. Orða- og orðasambandaskrá

Annar meginhluti orðabókarinnar er orða- og orðasambandaskrá sem tekur til allra orðasambanda sem fyrir koma í orðabókarlýsingunni. Orðasamböndin eru einfölduð að því leyti að valfrjálsir liðir (afmarkaðir með svigum í orðabókartextanum) eru felldir brott. Skráin er þannig gerð að öllum meginorðum í orðasamböndunum eru valdar flettimyndir sem saman mynda stafrófsraðaða flettiorðaskrá. Undir hverju flettiorði eru síðan tilgreind í fastri röð öll þau sambönd sem þar eiga heima. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir tilhögun skrárinnar og brugðið upp

dæmum til skýringar. Fyrst verður hugað að fletti-orðum og vali flettimynda, síðan verður fjallað um röðun sambandanna undir einstökum flettimyndum og loks farið nokkrum orðum um hlutverk og gildi skrárinnar.

8.1 Flettiorð og flettimyndir

Við val flettiorða er einkum haft í huga að öll megin-orð innan orðasambandsins séu virk til uppflettingar. Meginorð í orðasamböndum eru langofast nafnorð, lýsingarorð, sögn eða atviksorð og algengt er að tvö eða fleiri orð af þessum orðflokkum teljist meginorð sem hvert um sig birtir orðasambandið undir flettimynd sinni. Þótt nafnorð séu fyrirferðarmest meðal flettiorða þegar á heildina er litið eru rúmfrekustu flettiorðin sagnir (meðal fyrirferðarmikilla sagna má nefna *gera*, *hafa*, *koma* og *láta*). Orð innan breytliða eru ekki tilgreind sem fletti-orð.

Fornöfn og töluorð koma einnig í nokkrum mæli fram sem flettiorð, jafnvel þar sem öðrum megin-orðum er til að dreifa, þar sem þau eru fastur liður í orðasambandi. Forsetningar, samtengingar og upphrópanir koma yfirleitt því aðeins fram sem flettiorð að ekki sé um að ræða meginorð af öðrum orðflokkum í orðasambandinu.

Flettimyndir eru valdar með það í huga að þær fari sem næst þeirri mynd orðsins sem fram kemur í orðasambandinu. Mikilvægt dæmi um það er sá háttur sem hafður er á þegar lýsingarorð (og fornöfn) koma fram í hvorugkyni án þess að þau eigi við kynbundinn nafnlið innan orðasambandsins. Þá er hvorugkynsmynd orðsins gerð að flettimynd:

aðdáunarvert lo

þetta er aðdáunarvert

erfitt lo

eiga erfitt

þungt lo

það er þungt fyrir/undir fæti

Í hvorugkynsmyndum lýsingarorða er greint á milli lýsingarorðs- og atviksorðshlutverks en hafa verður í huga að sú aðgreining er ekki alltaf fullkomlega skýr:

hægt lo

eiga ekki hægt um vik
eiga hægt með að <NH>

hægt ao

fara sér hægt
flýta sér hægt
ríða hægt

Miðstíg lýsingarorða (og atviksorða) geta einnig verið flettimyndir, þegar notkun miðstigs er fastbundin í orðasambandinu:

betra lo

betra er seint en aldrei/ekki

betri lo

betri er bið en bráðleg ráð

betur ao

bæta um betur

Flettimyndir eru hafðar fleiryrtar (tilgreindar sem tvö eða fleiri orð) þar sem saman fara orð sem mynda órofa heild. Þetta á einkum við um smáorðasambönd:

aftur á bak ao

allt í einu ao

á meðan st

á brott ao

héðan af ao

Þegar fram koma samyrði (orð sem hafa eins flettimyndir) af mismunandi orðflokkum er hvert orð fyrir sig sjálfstæð flettimynd. Innbyrðis röð þeirra orðflokka sem þetta snertir er þá þessi: nafnorð (no), lýsingarorð (lo), sagnir (so), atviksorð (ao), fornöfn (fn).

Séu samyrði nafnorð í mismunandi kyni eru þau skilin að og greint á milli þeirra með raðnúmeri:

¹ár no

²ár no

Samyrði meðal nafnorða í sama kyni og samyrði innan annarra orðflokka eru sameinuð undir einni flettimynd, þegar þau eru orðmyndunar- og merkingarlega samstæð. Þannig eru t.d. orðasambönd með sterku sögninni *brenna* og veiku sögninni *brenna* sameinuð undir einu lykilorði. Þegar um óskyld orð er að ræða er hins vegar jafnan greint á milli tveggja lykilorða með raðnúmeri. Það á t.d. við um sögnina *muna*, sem hefur tvær aðgreindar merkingar.

Þau smáorð sem ýmist koma fram sem forsetning eða atviksorð fá orðflokksauðkennið fs/ao:

að fs/ao

vera enn að → ÁFRAMHALD

vera <illa> að sér → ÞEKING

vera <vel> að sér → ÞEKING

Orðið *einn* (og hvorugkynsmynd þess, *eitt*) hefur þá sérstöðu að það er kennt við þrjá orðflokka og auðkennt sem to/fn/lo.

Þar sem skörp merkingarskil eru á milli eintölu og fleirtölu nafnorða eru hafðar aðgreindar flettimyndir, til samræmis við flettuskipan í orðabókartextanum:

átak no

átakið á <bitann, stöngina, bandið, vírinn>

átök no

átök brjótast/brutust út

takmark no

keppa að <ákveðnu> takmarki

takmörk no

takmörk fyrir <þessu>

Þegar hljóðbrigði greina stofnmynd eintölu og fleirtölu að svo að þær verða viðskila í skránni eru orðasambönd með fleirtölu myndinni víða færð undir fleirtölu myndina til að notendur grípi síður í tómt, auk þess sem þau geta komið fram undir eintölu myndinni einnig. Þessi tilhögun er óháð því hvort skýr merkingarskil eru á milli eintölu og fleirtölu:

axlir no
skjóta öxlum við <honum, henni>
standa á öxlum <hans, hennar>

öxl no
skjóta öxlum við <honum, henni>
standa á öxlum <hans, hennar>

Vægi fleirtölu- og hvorugkynsmynda orðanna *allur*, *fár* og *margur* er látið koma fram í því að greint er á milli þriggja flectimynda: *allur*, *allt*, *allir*; *fár*, *fátt*, *fáir*; *margur*, *margt*, *margir*.

Sagnirnar *vera* og *verða* eru ekki tilgreindar sem einyrt flectiorð nema ekki sé um annað nærtækara flectiorð að ræða. Hins vegar eru fáein sambönd þessara sagna með smáorði (*vera með*, *verða fyrir* og nokkur fleiri) gerð að flectimyndum og eru þær einu sagnirnar í skránni sem það gildir um.

8.2 Röðun orðasambanda undir flectimyndum

Um röðun orðasambanda undir flectimyndum gildir einföld stafrófsregla með tveimur mikilvægum undantekningum sem varða breytliði og tilbrigði. Samböndunum er raðað í stafrófsröð en breytliðir (afmarkaðir með oddklofum) eru sameinaðir á þann hátt að fremra afmörkunartákni þeirra (oddklofanum <) er úthlutað aftasta sæti í stafrófinu. Að öðru leyti er breytliðurinn í heild óvirkur gagnvart röðuninni. Ef orðasamband inniheldur tilbrigði (aðgreind með skástriki) er aftara tilbrigðið óvirkt í röðuninni. Þar er þess að gæta að aftara tilbrigðið getur verið meira en eitt orð, eins og fram kemur í eftirfarandi sýnishorni úr orða- og orðasambandaskránni:

<þessi deilumál> ber/bar á góma → UMRÆÐUEFNI
<þetta; málið, deilurnar> ber/bar á góma
→ bera
<leitið, hæðina> ber á milli → bera
<starfið> ber/hefur borið árangur → árangur,
ÁRANGUR
<starfið> ber/hefur borið ávöxt → ÁRANGUR
<tréð; verkið, starfið> ber ávöxt → ávöxtur
<lampinn, tunglskinið> ber birtu → ¹birta
<þetta; ferðina> ber/bar bráðan að → ADDRAG-
ANDI, bera
<þetta; ferðina> ber/bar brátt að → ADDRAGANDI,
bera
<margt> ber/hefur borið fyrir augu → auga
bera
<margt> ber/hefur borið fyrir augu → auga

Hér eru sum tilbrigðin fólgin í sagnarsamböndum með *hafa* sem hjálparsögn og er þá allt sambandið óvirkt gagnvart röðuninni.

Í eftirfarandi runu raðast saman orðasambönd þar sem breytliður fer næst á eftir sögninni en innbyrðis röð sambandanna ræðst af því sem fer á eftir breytliðnum:

bera <hag félagsins> fyrir brjósti → ÁHUGAMÁL
bera <hann, hana> fyrir brjósti → UMHYGGJA
bera <hann, hana> fyrir fréttinni → frétt
bera <mat> fyrir gestina → gestur
bera <hann, hana> fyrir <sögunni, fréttinni>
→ bera
bera <honum, henni> gott orð → HRÓS/LOF, UM-
SÖGN

bera <vel> höfuðið → HÖFUÐBURÐUR
bera <föggur sína> í bak og fyrir → bera
bera <heyið> í fanginu/fangi sér → fang
bera <handlegginn> í fatla/fötum → bera
bera <söguna> í <hann, hana> → LAUSMÆLGI,
UMTAL
bera <gestunum> kaffi → kaffi

Það sem stendur innan oddklofanna hefur hins vegar engin áhrif á röðunina. Hér raðast saman orðasambönd með framstæðum breytlið:

<vinna> seinni part dags → dagur
<þetta gerðist> síðla dags → dagur
<þetta gerðist> snemma dags → dagur
<siðurinn hefur haldist> til þessa dags → dagur
<hanga inni> um bjartan dag → DAGUR/DAGTÍMI
<liggja sofandi> um bjartan dag → dagur
<hann hefur verið iðjusamur> um dagana
→ ÆVI/ÆVITÍÐ

8.3 Hlutverk og gildi orða- og orðasambandaskrárinnar

Orða- og orðasambandaskráin og samspil hennar við orðabókarlýsinguna endurspeglar best hvernig efnisskipan og framsetning orðabókarinnar er við það miðuð að notendur geti virt orðin fyrir sér frá ólíkum sjónarhornum í setningarlegu og merkingarlegu samhengi. Í fyrsta lagi hefur skráin það grundvallarhlutverk að tryggja notendum aðgang að viðeigandi flectu í orðabókarlýsingunni, sérstaklega þegar um hugtakaflectur er að ræða. Þá skiptir höfuðmáli að geta gengið beint að tilteknu orðasambandi sem haft er í huga og líklegt þykir að vísi rակeitt á viðeigandi flectu.

Í öðru lagi getur skráin fyllt upp í þá mynd sem fram kemur undir einstökum orðaflectum, því víða bætast við orðasambönd sem aðeins er getið undir öðrum flectiorðum í orðabókarlýsingunni. Um leið spannar hún heilmikinn orðaforða umfram þau orð sem tilgreind eru sem flectiorð í sjálfri orðabókarlýsingunni. Þá er mikilvægt að hafa í huga að oft má velja á milli tveggja eða fleiri lykilorða sem vísa til orðasambandsins og skoða það þannig í mismunandi samhengi við önnur orðasambönd.

Þar við bætist að skráin birtir sína sérstöku heildarmynd af einstökum orðum að því leyti að orðasamböndin raðast innbyrðis eftir formlegum einkennum en ekki eftir hlutverki og merkingu eins og í orðabókarlýsingunni. Við það koma gjarna fram athyglisverð mynstur sem varpa ljósi á setningarlega stöðu orðanna. En slík mynstur geta einnig dregið fram merkingarleg vensl og hugtaksbundnar samstæður meðal orða sem fram koma í tilteknu sæti í orðasamböndum með flectiorðinu. Þetta verður ekki síst greinilegt þegar litið er til stórra og efnismikilla sagna í orða- og orðasambandaskránni þar sem orðasamböndin skipta hundruðum.

Loks er ástæða til að nefna að flectuvísanirnar sem fram koma við einstök orðasambönd veita iðulega vísbendingu um merkingarlegan breytileika, með því að vísað er til fleiri en eins hugtaks,

og minna um leið á að hugtökin sem orðabókin tekur til standa sjaldnast skýrt afmörkuð og stök heldur eru að meira eða minna leyti samslungin öðrum hugtökum.

9. Dönsk, ensk og þýsk hugtakaheita-skrá

Skrár með dönskum, enskum og þýskum jafnheitum íslensku hugtakaheita-skrá hafa það hlutverk að greiða erlendum notendum leið að hugtakalýsingu orðabókarinnar, þannig að þeir fái beina vísun til viðeigandi heitis án þess að þurfa að fletta upp í orða- og orðasambandaskránni. Notendur verða að hafa í huga að erlendu heitin bera skýr einkenni þess að vera sprottin af íslensku heitunum og merk-ingargildi þeirra í skránni miðast fyrst og fremst við þá merkingu sem fólgin er í samsvarandi íslenskum heitum. Hér á eftir fara stutt brot úr hugtakaheita-skránum:

Danska:

METODE → AÐFERÐ
MINESPIL → SVIPBRIGÐI
MISGERNING → MISGERÐ/ILIVIRKI
MISLIGHOLDELSE → VANEFNDIR
MISMOD → ÓNOTAKENND/ÓHUGUR, ÓYNDI
MISTANKE → GRUNSEMDIR
MISTILLID → TORTRYGGNI
MISTRO → TORTRYGGNI
MISTÆNSKOMHED → TORTRYGGNI
MISUNDELSE → ÖFUND
MOBILITET → HREYFIGETA
MOD → DUGUR, KJARKUR

Enska:

COMFORT → MAKINDI
COMMAND → FYRIRSKIPUN
COMMENT → UMSÖGN
COMMOTION → UPPISTAND
COMMUNICATION → SAMSKIPTI
COMPANIONSHIP → SAMVISTIR
COMPANY → FÉLAGSSKAPUR, SAMFYLGÐ
COMPARISON → MANNJÖFNUDUR
COMPATIBILITY → SAMKOMULAG
COMPETENCE → FÆRNI
COMPLAINING → KVÖRTUN
COMPLIANCE → EFTIRGJÖF

Þýska:

STILLE → ÞÖGN
STIMULATION → ÖRVUN
STOLZ → HREYKNI, STOLT
STOPPEN → STÓÐVUN, TÁLMUN
STÖRUNG → TRUFLUN
STRAFE → REPSING/RÁÐNING
STRAFTAT → AFBROT
STRAPAZEN → HRAKNINGAR/VILLA
STREBEN → VIDLEITNI
STREICH → HREKKIR/HREKKVÍSI
STREICHUNG → AFTURKIPPUR
STREIT → DEILA, RIFRILDI/ÞRAS


Það gefur að skilja að víða er vandasamt að velja viðeigandi erlend heiti og við sum hugtökin eru höfð tvö eða fleiri heiti til að ná sem best til þess sem íslenska heitið vísar til, í fáeinum tilvikum reyndist hæfilegt erlent jafnheiti ekki tiltækt. Afmörkun hug-

takanna er víða svo rúm að erlent jafnheiti tekur aðeins til kjarna þess orðafars sem fellt er undir hugtaksheitið. Þá getur reynst erfitt að láta erlendu heitin lúta kröfunni um nafnorðsmyndun og gæta þess jafnframt að heitin séu nægilega nærtæk og kunnugleg til að notendur geti nýtt sér þau sem flettiorð. Af þeim sökum eru sum jafnheitin ívið almennari merkingar en samsvarandi íslensk heiti.

Hugtakaheita-skrá með þessu sniði eru settar þröngar skorður og hún kemur ekki nema að nokkru leyti til móts við þörf notenda fyrir að fá aðgang að efninu á forsendum erlenda málsins. En með henni er leitast við að liðsinna þeim erlendu notendum sem eiga óhægt með að nýta sér aðrar aðgangsgleiddir að hugtakalýsingunni.

10. Rafræn orðabók á geisladiski

Hinni prentuðu orðabók fylgir geisladiskur með raf-rænni gerð hennar. Þar býðst notendum margþættur aðgangur að orðabókarefninu, sumpart á hliðstæðan hátt og í prentuðu gerðinni en að nokkru leyti einnig eftir nýjum brautum þar sem efnisatriði bókarinnar koma fram í nýju samhengi. Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum leitarleiðum og brugðið upp svipmyndum með dæmum.



Í aðalleitarformi orðabókarinnar eru fjórar leiðir til efnisleitar í bókinni. Byrjað er á að velja flipa eftir því hvort leita á að flettu, orðasamböndum, samsetningum eða erlendum hugtakaheitum. Formið er fremur lítið og hverfur því auðveldlega á bak við aðra glugga en það má kalla það fram aftur með því að smella á *Ný leit* í öðrum gluggum.

10.1 Leit að flettu

Fyrsti leitarkosturinn er flettuleit þar sem leitað er að orði eða hugtaki. Há- og lágstafir eru jafngildir sem leitarstrengir. Dugað getur að rita stutt stafa-samband því tölvan velur það orð sem er líkast leitarorðinu. Til dæmis birtist flettan *gefa* ef leitarstrengurinn er *gef*. Stjarna gildir ekki sem algildis-stafur við leit.

Stóra orðabókin um íslenska málnotkun

Veldu stafkafla

geðugur lo
GEÐVONSKA/ÖNUGHEI
GEÐPEKKN
geðþekkur lo
geðþótti no kk
GEÐÞÓTTI
gefa so
gefandi lo
gefast so
gefið lo hvk
gefinn lo
-gefni no kvk
geggaður lo
gegn lo

Veldu aðra flettu:

gefa so

1a
(no. gjöf) gefa (<honum, henni>) <eitthvað; hlut, dýrgrip, peninga> (<fyrir greiðann, að launum, í þakklætisskyni, að skilnaði>)
guð gefi að <S>
guð gefi að þetta fari allt vel að lokum

1b
fóðrun gefa <fénu, kúnum> (<fóður, hey>)
gefa <honum, henni> (<eitthvað>) að <borða, éta, drekka>
hvað get ég gefið ykkur að éta?; gefðu mér vatn að drekka
gefa á guð og gaddinn

1c
hjónaband gefa <honum> <dóttur sína> (fyrir konu)

2
= veita gefa <honum, henni> kost á <þessu>
gefa <honum, henni> tækifæri til <þess>
sefa (<honum, henni>) færi á <hessu>

Ný leit

Orðasambönd innan flettunnar

Kaflar:

gefa
gefa + að
gefa + eftir
gefa + fram
gefa + frá
gefa + fyrir
gefa + inn
gefa + í
gefa + með
gefa + saman
gefa + til baka
gefa + upp
gefa + út

Sjá einnig:

gefandi
gefast
gefið
gefinn
-gefni
-gjafi
gjöfull

Flettan birtist miðsvæðis í þrískiptum glugga. Vinstra megin er flettulisti sem sýnir nálæg orð í orðabókinni. Hugtakaflettur eru hafðar með hástöfum en orðaflettur með lágstöfum eins og í prentuðu bókinni. Hægt er að velja sér flettu af flettulistanum á þrennan hátt: a) með því að smella á viðeigandi flettu í listanum, b) með því að smella á *Veldu stafkafla* (við það opnast felligluggi með stafrófinu), c) með því að rita viðeigandi orð í leitarreitinn við fyrirsögnina *Veldu aðra flettu*. Auk þess má fara fram og aftur í flettulistanum með örvalyklunum.

Sjálf flettugreinin er fyrir miðju, með áþektri framsetningu og í prentuðu gerðinni. Hægra megin við flettugreinina er tvískiptur dálkur. Efri hlutinn sýnir kaflaskil innan greinarinnar þar sem slík skil eru fyrir hendi. Oft kemur sér vel að geta afmarkað tiltekinn kafla í flettugreininni. Það má gera með því að smella á viðeigandi kaflaheiti. Ef smellt er á efstu línuna í kafladálkinum birtist öll flettugreinin á ný. Kaflaskil koma aðeins fram í efnismiklum flettum, annars vegar í hugtakaflettum, hins vegar í sagnaflettum þar sem rakir eru sagnasambönd í stafrófsröð.

Í neðri hluta dálksins hægra megin eru millivísanir í aðrar flettur í bókinni. Hér er annars vegar vísað í orðaflettur af sama orðstofni eins og í dæminu hér á undan. Hins vegar er vísað til skyldra hugtaka þegar um hugtakaflettur er að ræða. Öll orð og hugtök sem vísað er til eru virkir tenglar sem smella má á til að fara beint inn í viðeigandi flettugrein.

10.1.1 Orðasambönd innan flettunnar

Til hægri neðan við orðabókartextann er hnappur með heitinu *Orðasambönd innan flettunnar*. Þegar smellt er á hann opnast nýr gluggi með þremur dálkum. Í fyrsta dálki eru öll eiginleg orðasambönd

sem koma fyrir í viðkomandi flettugrein en ekki aðrir hlutar textans, svo sem notkunardæmi og ábendingar.

Orðasambönd

Orðasambönd í flettu: **andlit**

Ný leit

Nr.	Orðasambönd	Lykilorð	Orðflokkur
1	vera <njóður, freknötur, bolugrafinn> í andlit		lo
2	vera <stórskorinn, breiðleitur, búluleitur> í andlit		lo
3	vera <tekinn, fólur, nábleikur> í andlit		lo
4	<flit, snortur, fingert, stórgert, stórskorð, svipmikil, gerðarleg> andlit		lo
5	<meitlað, mikilúðlegt, harðneskjulegt, hörkulegt, skarpleitt, holdskæpt>		lo
6	<sviplaust, svipbrigðalaust, steingert> andlit		lo
7	<hrakkið, veðurberia, hreggberia> andlit		lo
8	<kinglót, kringluleitt, búðuleitt, toginleitt> andlit		lo
9	vera fríður í andlit	fríður	lo
10	vera langur í andlitinu	langur	lo
11	vera ljótur í andlit	ljótur	lo
12	það færst/ferðist <brox> yfir andlit		no
13	<standa þarna> með <sigurbros, háðsglött> á andlitinu		no
14	hafa <klút, bleju, sléðu> fyrir andlitinu		no
15	taka <klúttinn> frá andlitinu		no

Hægt er að raða einökum dálkum með því að smella á fyrirsögn beina. Viðbætur leit til: því að leita beint að orðasamböndum í ábalettuglugga.

Í öðrum dálki koma fram lykilorð í orðasamböndunum og í þeim þriðja orðflokkur lykilorðsins. Sums staðar vantar lykilorðið þótt orðflokkurinn komi fram, en þá sameinar breytliður (afmarkaður með oddklofum) mörg orð af sama orðflokki. Raða má einstökum dálkum með því að smella á fyrirsögn dálksins.

10.2 Leit að orðasamböndum

Annar leitarkosturinn í aðalleitarformi orðabókarinnar er leit að orðasamböndum. Þessi kostur samsvavar leit í orða- og orðasambandaskrá prentuðu gerðarinnar (sjá 8. kafla). Við kvaðninguna *Sláðu inn orð í orðasambandi* er viðeigandi leitarorð ritað í reitinn. Til að sneiða hjá árekstri orðmynda af mis-

munandi orðflokki má velja viðeigandi orðflokk úr felliglugga í orðflokksreitnum.

Nr.	Orðasambönd	Fletta	Orðflokkur
21	það er kapp í <hnum, henni>	KAPP/KAPPSEMI	
22	þreyta kappi við <hann, hana>	VIDUREIGN	
23	þreyta kappi við <hann, hana>	þreyta	so
24	<sækja málið, iðka íþróttir> af kappi	DUGNADUR	
25	<sækja málið, iðka íþróttir> af kappi	kapp	no hvk
26	<sækja málið, iðka íþróttir> af kappi	KAPP/KAPPSEMI	
27	<þeir, þær, þau> eiga/hafa ett kappi	VIDUREIGN	
28	<hnum, henni> hleygur/hljóp kapp í kinn	kapp	no hvk
29	<hnum, henni> hleygur/hljóp kapp í kinn	KAPP/KAPPSEMI	
30	<þeir tala/höluðu> hvor/hver í kapp við annan	kapp	no hvk
31	<hlauða, tala> í kapp við <hann, hana>	kapp	no hvk
32	<fara fram, sækja málið> meira ef/með kappi en for	forsjá	no kvk
33	<sækja málið> meira ef/með kappi en forsjá	BRÁÐLETI/FLJÓTFÁ	
34	<sækja málið> meira ef/með kappi en forsjá	FYRIRHYGGJULEYS	
35	<sækja málið> meira ef/með kappi en forsjá	kapp	no hvk
36	<lundarmenn> tala/höluðu hver í kapp við annan	ÁKEFÐ	

Niðurstöður leitarinnar koma fram í nýjum glugga þar sem orðasamböndin eru sett fram með líku sniði og í prentuðu gerðinni. Hér er hægt að raða einstökum dálkum með því að smella á fyrirsögn þeirra. Jafnframt má fara beint úr orðasambandi inn í viðkomandi flettugrein með því að tvísmella á línuna.

10.3 Leit að samsetningum

Þriðji aðalleitarkosturinn er samsetningaleit en hún beinist að því orðafari sem fram kemur í lýsingu á samsetningum flettiorðanna (sjá kafla 5.1.5). Þessi leitarágerð nær til allra samsetninga í orðabókinni (sem uppfylla leitaraskilyrðin) en birtir ekki aðeins þær samsetningar sem tilheyra tiltekinni flettugrein. Samsetningaleitin hefur það einnig fram yfir lýsingu samsetninga í orðafluttum prentuðu orðabókarinnar að orðflokkur samsetningarinnar kemur fram og er um leið gildur röðunarpáttur.

Við samsetningaleitina er leitarreitinn tvískiptur. Fremri reiturinn á við fyrri hlutann og hinn aftari við seinni hlutann. Hægt er að nýta hvorn reitinn sem er eða báða saman eftir því hvernig leitaraskilyrðin eru tilgreind. Ef sleginn er inn fyrri hluti sem ekki er að finna í orðabókinni opnast lítil tafla með þeim fyrri

hlutum orða sem komast næst því að uppfylla leitaraskilyrðin og er þá hægt að velja viðeigandi orð úr töflunni með því að tvísmella á það.

Nr.	Orð	Orðflokkur	Fletta 1	Fletta 2
1	jóla-bjalla	no kvk		bjalla
2	jóla-vika	no kvk		vika
3	jóla-gestur	no kk		gestur
4	jóla-máltíð	no kvk		máltíð
5	jóla-matur	no kk	jól	matur
6	jóla-hugvekja	no kvk		hugvekja
7	jóla-kvæði	no hvk		kvæði
8	jóla-barn	no hvk	jól	
9	jóla-tónleikar	no kk flt		tónleikar
10	jóla-ljós	no hvk	jól	1 ljós
11	jóla-borð	no hvk	jól	
12	írla-hnÁ	no hvk	írl	hnÁ

Niðurstaða samsetningaleitar birtist þannig að í fremsta dálki er listi yfir orðin sem leitin skilaði og í öðrum dálki kemur orðflokkurinn fram. Í þriðja og fjórða dálki er tilgreind flettan eða fletturnar sem samsetningin kemur fyrir í, þar sem fyrirsögnin *Fletta 1* vísar til fyrri hluta og fyrirsögnin *Fletta 2* til seinni hluta. Ef tvísmellt er á *Fletta 1* eða *Fletta 2* í listanum er komið beint inn í viðkomandi flettugrein. Hér má raða einstökum dálkum með því að smella á viðeigandi fyrirsögn.

10.4 Leit að erlendum hugtakaheitum

Fjórði leitararkosturinn er leit að hugtakaheitum á erlendum málum. Smellir er á flippann lengst til hægri og tungumál valið úr felliglugga, danska, enska eða þýska. Þá opnast gluggi með stafrófsröðuðum lista yfir hugtakaheiti á viðkomandi máli þar sem hvert heiti stendur með samsvarandi íslensku heiti. Raða má heitunum í stafrófsröð íslensku heitanna með því að smella á fyrirsögn dálksins *Fletta*. Þegar tvísmellt er á hugtaksheiti í listanum er komið beint inn í viðkomandi flettu.

Nr.	Hugtak	Fletta
791	PRODUCTIVITY	AFKÖST
792	PROFIT	HAGUR/GRÓÐI
793	PROGRESS	FRAMFÖR
794	PROHIBITION	BANN
795	PROMISCUITY	LÉTTÚÐ/LAUSLÆTI
796	PROMISE	LOFORD
797	PROOF	SÖNNUN
798	PROSPECTS	HORFUR
799	PROSPERITY	HAGSÆLD
800	PROSPERITY	VELGENGNI
801	PROTECTION	VERND
802	PROTEST	MÓTMÆLI